

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 13. júní 2023

Mál nr. S-94/2022:

Héraðssaksóknari

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

(Eva Dís Pálmadóttir réttargæslumaður)

gegn

A

(Hlynur Jónsson lögmaður)

Dómur.

I.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní sl., er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 29. september 2022, á hendur A, kennitala [...], [...], [...]:

„fyrir eftirgreind brot gegn eiginkonu sinni, B, kennitala [...], að [...]á [...]:

- Nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa í október 2021 á þáverandi sameiginlegu heimili þeirra, afklætt sig og farið inn í sturtu þar sem B var að baða sig og, með ólögmati nauðung og án samþykkis, haft samræði við hana í sturtunni.
- Nauðgun og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 9. febrúar 2022, á heimili B, farið með fingur inn í leggöng hennar þar sem lá sofandi við hlið ungrar dóttur sinnar, en B gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndrunga.

Telst brot samkvæmt 1. ákærulið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot samkvæmt 2. ákærulið við 2. mgr. 194. gr. sömu laga og bæði brotin jafnframt við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

2. Af hálfu skipaðs réttargæslumanns brotaþola var við rannsókn lögreglu lögð fram einkaréttarkrafa. Í endanlegri gerð, við meðferð málsins fyrir dómi, var efni kröfunnar svohljóðandi:

„Af hálfu B, ..., er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 3.000.000 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 28. febrúar 2022 til 27. maí sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi. ... Auk þess er krafist fjárhæðar samsvarandi virðisaukaskatti á málskostnað.“

3. Fyrir dómi hefur ákærði neitað refsiverðri sök og hafnað einkaréttarkröfu.

Skipaður verjandi, Hlynur Jónsson lögmaður, krefst þess fyrir hönd ákærða, í endanlegri kröfugerð fyrir dómi, aðallega að hann verði sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa.

Þá krefst verjandinn þess fyrir hönd ákærða að einkaréttarkröfu brotaþola verði vísað frá dómi, en til vara að fjárhæð hennar verði lækkuð verulega.

Loks krefst verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## II.

1. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu og því sem fram kom við meðferð málsins fyrir dómi tókust kynni með ákærða og brotaþola sumarið 2019 og hófu þau sambúð í nóvember það ár. Er þetta gerðist átti brotaþoli tvö börn, dreng sem er fæddur árið [...] og stúlku sem fædd er árið [...], en ákærði var barnlaus. Þau giftu sig í ágúst 2021, en um svipað leyti keyptu þau saman húseignina að [...]. Þegar þetta gerðist var ákærði [...] ára og starfaði hjá [...], en einnig í [...] á kvöldin. Brotaþoli, sem var [...] ára, hóf störf á sjúkrastofnun í nálægum byggðakjarna í september 2021, en hætti þar störfum í desember sama ár.

2. Fyrir liggur að ákærði flutti af hinu sameiginlega heimili hans og brotaþola þann 31. desember 2021 og bjó hann eftir það hjá ættingjum í nágrannasveitarfélagi, en starfaði þó áfram á [...]. Óumdeilt er að þrátt fyrir þessar ráðstafanir hélt ákærði að nokkru til á heimili fjölskyldunnar, og þá helst þegar fyrrnefnd börn brotaþola dvöldu þar, en fyrir liggur að þau dvöldu aðra hverja viku hjá blóðföður sínum. Af gögnum verður ráðið að ákærði hafi alfarið flutt af hinu fyrrnefnda heimili í febrúarmánaðar 2022.

3. Brotapoli bar fram kæru á hendur ákærða hjá lögreglu þann 28. febrúar 2022 vegna þeirra ætluðu brota, sem lýst er í ákæru. Viðstaddur skýrslugjöfina var tilnefndur réttargæslumaður brotþola, en hún var síðar skipuð til starfans. Ákærði var yfirheyrður af lögreglu um kæruatriðin þann 27. apríl 2022.

Nefndar kæru- og yfirheyrsluskýrslur lögreglu voru teknar upp í hljóði og mynd og eru gagnadiskar þar um á meðal rannsóknargagna máls þessa.

Af gögnum verður ráðið að hjúskap ákærða og brotþola hafi lokið með lögskilnaði í marsmánuði 2022, á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

4. Á meðal rannsóknargagna er hluti af þeim rafrænu samskiptum sem brotþoli og ákærði áttu í á tímabilinu frá 15. janúar til 27. febrúar 2022, en lögreglan hafði aflað þeirra úr síma brotþola. Að auki lagði ákærði fram slík gögn við meðferð málsins fyrir dómi. Á meðal rannsóknargagna lögreglu er einnig vitnaskýrsla c, sem dagsett er 28. apríl 2022.

Réttargæslumaður sendi lögreglu bótakröfu brotþola, en hún er dagsett 14. mars 2022. Krafan var birt ákærða 27. apríl sama ár.

Við meðferð málsins fyrir dómi voru af hálfu ákæruvalds og skipaðs verjanda ákærða lagðar fram sérfræðiskýrslur um brotþola og ákærða.

### III.

1. Sakarefni 1. kafla ákæru. Kæra brotþola hjá lögreglu.

Brotþoli greindi frá því í skýrslu sinni hjá lögreglu, þann 28. febrúar 2022, að tilefni kæru hennar væru kynferðisbrot og andlegt heimilisofbeldi, sem hún hefði mátt þola af hálfu eiginmanns síns, ákærða.

Við skýrslugjöfina skýrði brotþoli frá því að ákærði hefði nauðgað henni í októbermánuði árið áður á heimili þeirra á [...], og ætlaði hún helst að atvik máls hefðu gerst á sunnudegi þegar börnin hennar tvö hefðu ekki verið á heimilinu. Hún skýrði frá því að allt hefði verið með kyrrum kjörum umræddan dag fyrir utan að ákærði hefði „suðað“ um kynlíf. Sagði hún að ákærði hefði tíðkað slíkt og oft fengið vilja sínum framgennt þar sem hún hefði látið undan. Hún sagði að ákærði hefði haldið áfram fyrrnefndu „suði“ eftir að þau höfðu komið sér fyrir í rúminu í hjónaherberginu þá um kvöldið og sagði: „... ég bara vildi það ekki og sagði bara nei, ég er ekki í stuði, mig langar þetta ekki núna. Og þetta endar bara með því að suðið er orðið það mikið að mér

er farið að finnast aðstæðurnar óþægilegar og ég fjarlæggi mig út úr svefnherberginu okkar og fer inn á baðherbergi, í sturtu. Á þessum tímapunkti er ekki lás á baðherbergishurð okkar. En hann kemur inn á eftir mér og hann segir: Má ég koma með þér í sturtu? Og ég sagði: Nei, ég vill bara fá að vera í friði, ég er bara að fara að þvo á mér hárið og mig langar bara að vera hérna ein. Hann klæðir sig úr fötunum og kemur í sturtu og ég bara fraus. Ég bara vissi hvað væri að fara að gerast og ég fraus. ... Og ég stend bara þarna og grenja, tárin renna bara niður kinnarnar á mér á meðan hann káfar á mér og bara klárar sig af. ... Hann bara nauðgar mér. ... En ég man eftir því að allt baðherbergisgólfið fór á flot af því hann stóð svona fyrir niðurfallinu í sturtunni. ... Og svo bara fer hann úr sturtunni og hann bara kyssir mig á kinnina ... við þrífum, þrífum upp alla bleytuna af baðherbergisgólfinu.“ Brotapoli sagði að eftir þrífingunni hefði ákærði farið í hjónarúmið og sofnað, en hún fléttað á sér hárið og því farið aðeins síðar inn í svefnherbergið.

Við skýrslugjöfina skýrði brotapoli frá því að hún minntist þess ekki að hafa mælt orð frá vörum á meðan á samræði ákærða stóð í sturtunni eða að hún hafi andmælt athæfi hans þar. Hún lýsti hugrenningum sínum eftir háttsemi ákærða þannig: „... það er margoft sem ég er búin að svona fara yfir þetta í hausnum á mér, bara svona: Þú hefðir alveg getað sagt eitthvað eða þú hefðir alveg getað gert eitthvað til þess að hann myndi bara stoppa. Ég hefði alveg bara getað hent honum úr sturtunni eða ég hefði, margt sem ég hefði getað gert ... Ég fór bara að kenna mér um, ég hefði getað sagt eitthvað, ... ég hefði getað stoppað þetta, ég er fullorðin kona, ég hefði getað sagt eitthvað ... en ég gat ekkert gert.“ Brotapoli skýrði frá því að það hefði tekið hana smá tíma að átta sig á því hvað ákærði hafði í raun gert henni og sagði: „... ég var líka bara í afneitun, en svo bara svona með hverjum deginum þá fór mér að líða illa og ég fann bara að það var eitthvað.“

Brotapoli skýrði frá því að framkoma ákærða gagnvart henni nokkru eftir nefndan atburð, að hún ætlaði 17. október sama ár, hefði haft áhrif á líðan hennar og viðhorf. Vísaði brotapoli í þessu sambandi sérstaklega til atviks þegar ákærði hefði ákveðið að fara í „djammerferð“ með félögum sínum, en tekið „brjálæðiskast“ á heimilinu og lamið í hurðar og veggi, að viðstöddum börnunum hennar. Hún sagði að tilefni þessarar háttsemi ákærða hefði verið að rétt áður en hann lagði af stað í þessa ferð hefði hún fengið fregnir af að vegna covid-smita í bæjarfélaginu þyrfti öll fjölskyldan að fara í sóttkví, í þriðja sinnið á mjög skömmum tíma. Hún hefði sagt ákærða frá þessu tíðindum í hálfkæringi, en hann brugðist við með greindum hætti. Brotapoli sagði að fram til þessa hefði ákærði aldrei hóttað henni, lagt á hana hendur eða beitt hana barsmíðum, en sagði að engu að

síður hefði henni staðið ógn af honum í einstaka tilvikum og þá helst vegna rúmlega 30 cm stærðarmunar þeirra. Hún bar að ákærði hefði ætíð verið í góðu sambandi við börnin hennar tvö og sagði: „Hann nær mér í gegnum börnin mín. ... Hann hefur eiginlega bara verið pabbi þeirra og bara dásamlegur í alla staði við þau.“

Brotapoli skýrði frá því í kæruskýrslunni að áðurgreind hegðun ákærða við upphaf nefnds ferðalags hefði leitt til þess að þau hefðu átt í deilum og þar á meðal í símaskilaboðum, en hún lýsti eigin líðan og hugrenningum af þessu tilefni m.a. þannig: „... ég fann það svo sterkt hvað hann tók ekki mark á mínum tilfinningum og hann reyndi bara að kæfa allt sem ég sagði.“ Brotapoli sagði að eftir heimkomu ákærða hefði hún skýrt honum frá líðan sinni, en jafnframt að meira hefði komið til og lýsti hún eigin orðræðu og andsvörum ákærða nánar þannig: „... ég segi við hann: Gerirðu þér grein fyrir því að þú hafir nauðgað mér? „Þetta, þetta var ekki svona“ er svarið sem ég fæ. Og hann tekur svona upp hnefann, hann verður, þannig að hann verður reiður og hann tekur svona upp hnefann og ég sagði: Hvað ætlaðir þú að gera, ætlaðu að lemja mig? Nei. Ég segi: Ég, ég, ég var að horfa á þig taka upp hnefann. Nei. Svo veit ég ekki alveg hvað gerðist, ég bara svona, ég bara fór að hágráta og hætti að tjá mig, ég, ég bara fór í einhvern svona, í lás og ég bara, þetta var ekki líkt mér.“

Brotapoli skýrði frá því að í síðari samræðum hennar og ákærða um ofangreint málefni hafi það verið líkast því sem hann hefði á stundum gert sér grein fyrir því að hann hefði brotið kynferðislega gegn henni, og bar að þá hefði hann m.a. sagt: „Kærðu mig bara, ég játa, ég veit hvað ég gerði ... ég veit að það er rangt.“ ... Hann er búinn að viðurkenna fyrir mér að hann glími við kynlífs-, klámfíkn, eitthvað þess háttar. Þannig að það kom alveg svona móment þar sem hann gerir, segir að hann geri sér grein fyrir alvarleika málsins og segir að hann geri sér grein fyrir að hann braut á mér og hvernig hann gerði það. ... Ég er með skilaboð frá honum þar sem hann segir: Þú mátt fara og kæra mig, ég mun játa. Ég er með skilaboð um endalausar afsökunarbeiðnir og ekki gefast upp á mér og gefðu mér séns og fyrirgefðu.“ Brotapoli sagði að á öðrum stundum hefði afstaða ákærða ekki verið með þessum hætti, og sagði að þá hefði hann m.a. haft á orði að hún væri dramatísk. Því til viðbótar hefði hann hundsáð líðan hennar og skoðanir.

Brotapoli skýrði frá því að vegna lýstra samskipta hefði hún upplifað „rosalega mikla tilfinningaflækju“ en að auki verið í ástarsorg. Brotapoli sagði að þetta ástand og

aðstæður hefði að lokum leitt til þess að hún hefði ekki treyst sér til að þess að búa með ákærða. Ákærði hefði því farið af heimili þeirra, þann 31. desember 2021, en hún í framhaldi af því leitað sér aðstoðar hjá félagasamtökum og fagaðilum, enda verið gjörsamlega niðurbrotin.

Í kæruskýrslunni staðfesti brotapolí að þrátt fyrir brottför ákærða af heimilinu hefði hann í rauninni verið þar með annan fótinn. Að auki hefðu þau verið í miklum samskiptum, þ. á m. með símaskilaboðum og á öðrum rafrænum miðlum. Hún sagði að í þessum samskiptum hefði hún ítrekað reynt að gera ákærða grein fyrir alvarleika lýstrar háttsemi hans og að um nauðgun hefði verið að ræða. Ákærði sagði að þessi orðræða hennar hefði ekki borið árangur og bar að hann hefði m.a. svarað orðum hennar þannig: „Ég myndi ekki fara að ganga það langt að kalla þetta nauðgun.“

Brotapolí skýrði frá því að hún hefði fyrst í janúarmánuði 2022 greint vinkonum og foreldrum sínum frá eigin raunum og alvarleika margnefndrar háttsemi ákærða.

## 2. Sakarefni 2. kafla ákæru. Kæra brotapolá hjá lögreglu.

Í kæruskýrslunni hjá lögreglu, þann 28. febrúar 2022, áréttáði brotapolí að fyrri hluta ársins 2022 hefði hún haldið áfram að eiga í samskiptum við ákærða þrátt fyrir að hann hefði þá verið fluttur af heimili þeirra. Vísaði brotapolí til þess að á nefndu tíma-skeiði hefði hún m.a. verið óviss um eigin stöðu og um samband þeirra, og bar að ákærði hefði þá endrum og sinnum gíst á heimilinu. Brotapolí staðhæfði að í einni slíkri nætur-gistingu hefði ákærði brotið gegn henni kynferðislega.

Brotapolí greindi frá því að þegar atvik máls gerðust hefðu aðstæður verið þannig að dóttir hennar hefði verið á heimilinu og bar að þau hefðu öll þrjú verið í hjónarúminu, og að við þær aðstæður hefði hún sofnað og sagði: „... örugglega eitthvað um eittleytið, það var allavegana það seinasta sem ég vissi af klukkunni ... ég er ekki búin að sofa þarna bara mjög lengi ... og svo vaknaði ég bara um þrjú-, fjögurleytið og þá var hann með puttana inni í leggöngunum á mér. ... Ég ligg svona ... hálfpartinn á hlið. ... Og mér bara brá og ég reisti mig svona við og ég sagði: Varstu að snerta mig? Og hann sagði: Já, varstu sofandi? Og ég bara: Já, ég var sofandi. Ó, ég hélt þú værir vakandi. Og ég bara: Nei, ég var ekkert vakandi, ég var steinsofandi. ... Hann fer eitthvað að segja mér að ég hafi verið að samþykkja þetta, að ég hafi verið að taka undir þetta, hann vildi meina að

ég hefði verið að stynja, færa mig nær honum, en ég var sofandi. Og bara einhvern veginn þá fannst mér bara á þessum tímamarki ég verða að leyfa honum að halda áfram því annars er hann bara búinn að gera þetta aftur, þannig að ég leyfði honum að halda áfram. ... Hann sagði: Er þetta allt í lagi? og ég sagði: Já. Nema við stóðum upp og við færðum okkur út úr herberginu af því að barnið mitt lá þarna. ... Já, sofum saman.“

Brotapoli skýrði frá því að daginn eftir ofangreindan atburð hefði hún verið mjög miður sín og sagði: „... og bara eftir mig eftir það sem gerðist um nóttina. Og hann segir bara: Já, má ég fá að tala við þig? og ég samþykkti það. Og ég bara eitthvað svona á einhverjum tímamarki fékkstu já eða nei, þú, þú fékkst ekki samþykki frá mér, þú byrjar án þess að vera með samþykki fyrir því. Og hann segir bara við mig að þetta hafi verið misskilningur.“ Brotapoli sagði að í beinu framhaldi af þessum samskiptum og rifrildi hefði hún farið fram á að ákærði fjarlægði muni sína úr húseign þeirra, og bar að það hefði gengið eftir, en að þau hefðu átt í orðahnippingum og rifrildi vegna þessa.

Í kæruskýrslunni greindi brotapoli frá því að hún hefði á köflum átt í erfiðum samskiptum við ákærða í kjölfar lýstra atburða og samskipta og sagði að það hefði m.a. verið raunin kvöldið áður en hún bar fram kærana hjá lögreglu, og þá vegna orða ákærða um að hún hefði beitt hann ofbeldi þar sem hún hefði ekki viljað vera í samskiptum við hann og fyrirgefa honum.

3. Samkvæmt gögnum var ákærði kvaddur til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna kærna brotþola, þann 27. apríl 2022. Við upphaf yfirheyrslunnar var ákærða kynnt réttarstaða grunaðs aðila, sbr. ákvæði laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, og skráð að hann hefði ekki óskaði eftir tilnefningu eða viðveru tilnefnds verjanda. Fram kemur einnig að ákærða hafi verið kynnt að kæruefnið varðaði tvö ætluð kynferðisbrot hans gagnvart brotþola. Skráð er að ákærði hafi svarað: „... ég skil það að hún talar um tvö en það, ... það var bara þannig séð, ef við eigum að taka öllu bókstaflega, þá var bara eitt.“ Í beinu framhaldi er skráð að ákærði hafi verið inntur eftir því hvort hann sé með orðum sínum að viðurkenna kynferðisbrot, en hann áréttar þá að aðeins hafi verið um eitt slíkt brot að ræða og að það hafi gerst haustið 2021.

4. Ákærði skýrði frá því við yfirheyrsluna hjá lögreglu að hið ætlaða kynferðisbrot

hans gagnvart brotaþola hefði gerst að kvöldlagi um mánaðamótin september/október 2021. Ákærði sagði að atvik hefðu verið með þeim hætti að hann hefði umræddan dag verið að horfa á sjónvarpið, en um kvöldið þegar hann hefði legið fyrir ásamt brotaþola í hjónarúminu hefði hann í tvígang innt hana eftir kynlífi. Ákærði sagði að í bæði skiptin hefði brotaþoli gefið afsvar, en bar að eftir síðara afsvarið hefði hún farið úr rúminu og lagt leið sína inn á baðherbergið og farið í sturtu. Í þessu samhengi staðhæfði ákærði að brotaþoli hefði tíðkað að bregðast við með þessum hætti þegar hún hefði verið í pirruðu skapi. Ákærði staðhæfði að hann hefði áður rætt við brotaþola um að slík hegðun hennar hefði verið óþægileg fyrir hann, þar sem hún hefði skapað óvissu í huga hans og þá vegna vangaveltna um hverju þetta sætti. Nánar lýsti ákærði viðbrögðum sínum í greint sinn þannig: „... ég fór að ofhugsa og eitthvað og fór síðan inn á bað og í sturtuna ... líka. Og hún spyr mig hvað ég er að gera, ..., ég segi, ég ætla, ég ætla að koma í sturtu með þér, hún segir nei og ég bara jú. Og ég fer í sturtuna með henni og ... allt í góðu í nokkrar mínútur ... henni leið eitthvað illa og hún sagði ekki mikið og gerði ekki neitt mikið og var bara þarna og hérna ... bara svona lokuð og ... svona frosin ... ekki beint frosin. ... henni leið eitthvað illa. Og ... ég man ekki nákvæmlega hvernig, hvort það var einhver aðdragandi að þessu eða eitthvað en ... já, strýk henni um axlirnar og eitthvað ... ég geri það þarna með henni ... bara við stunduðum mök ... og klára og fer úr sturtunni og fer upp í rúm ... þetta var bara ... óþægilegt ... það var engin nánd og ekki neitt.“ Nánar aðspurður um viðbrögð brotaþola vegna athafna hans í sturtunni sagði ákærði: „Hún náttúrulega bara fraus ... þegar ég byrja, þorði ekki að segja neitt eða ... vildi þetta augljóslega ekki og ... bara ... fraus.“ Ítrekað aðspurður og þá hvort hann hefði í greint sinn brotið gegn brotaþola svaraði hann því játandi, en staðhæfði að hann hefði ekki áttað sig á því á verknaðarstundu, en bar að hann hefði engu að síður verið með: „... óþægilega tilfinningu eða ..., ég er [...] ára, ég er ekki alveg með allt svona tilfinninga og dæmi á hreinu, en ... þegar hún segir mér þetta í október þá bara opnast það betur fyrir mér.“

Ákærði skýrði frá því við yfirheyrsluna að hann hefði fyrst heyrt frásögn brotaþola um hið ætlaða kynferðisbrot hans í sturtunni eftir að hann kom á heimili þeirra eftir helgarferðina með vinum sínum. Ákærði greindi frá því að áður en hann fór í ferðalagið hefði hann fengið af því fregnir að hann og öll fjölskyldan þyrfti að fara í sóttkví vegna covid-smits, og bar að hann hefði af þeim sökum „snögggreiðst“ og sparkað í dekkjagang í bílskúrnum, en brotaþoli á móti öskrað að honum. Hann sagði að þau hefðu haldið áfram að deila, í netsamskiptum, í ferðalagi hans, en einnig eftir að hann var á ný kominn á

heimili þeirra. Ákærði kvaðst um síðir hafa farið að þrýsta á brotþola um frekari skýringar á ósættinu og þá einnig af hverju hún hefði verið í þungu skapi. Ákærði sagði að í þeirri orðræðu sem á eftir fór hefði brotþoli brotnað niður og nefnt áðurgreind samskipti þeirra í sturtunni.

Ákærði skýrði frá því að eftir hin síðastgreindu samskipti hefði stirðleikinn haldið áfram og staðhæfði að viðmót brotþola hefði m.a. einkennst af þögn og afskiptaleysi. Ákærði sagði að þetta ástand hefði að lokum leitt til þess að hann hefði flust út af heimilinu, í lok ársins 2021.

Ákærði skýrði frá því að í febrúarmánuði 2022 hefði hann leitað eftir aðstoð hjá sálfræðingi, en að auki þegið þunglyndis- og kvíðalyf.

Samkvæmt gögnum bar rannsakari við lok nefndrar lögregluyfirheyrslu undir ákærða einstök efnisatriði úr kæruskýrslu brotþola, en einnig að hluta til efni þeirra netsamskipta sem þau hefðu átt í. Þar á meðal var borin undir ákærða frásögn brotþola um að hann hefði í aðdraganda sturtuferðarinnar ítrekað leitað eftir kynmökum, en hún neitað, og að hann hefði farið inn í sturtuna þrátt fyrir andstöðu hennar. Ákærði áréttaði fyrri frásögn að þessu leyti og sagði: „Ég man bara að hún vildi ekki fá mig í sturtuna.“ Aðspurður um líðan brotþola í greint sinn svaraði ákærði því til að hann hefði ekki séð tár á kinn brotþola, en vísaði til þess að andlit hennar hefði snúið frá honum þegar hann hefði verið með henni í sturtunni. Ákærði áréttaði að við nefndar aðstæður hefði hann strokið brotþola um axlir, en í framhald af því hefðu þau haft fullkomin mök. Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa þurrkað vatn af baðherbergisgólfinu ásamt brotþola, og staðfesti að öðru leyti í öllum aðalatriðum frásögn brotþola, og þar á meðal að hann hefði fyrst heyrt ásökun brotþola um hina ætluðu nauðgun í baðherberginu eftir heimkomu hans úr áðurgreindu ferðalagi. Ákærði staðhæfði að hann hefði ekki samsinnt ásökuninni, og þá ekki í síðari netsamskiptum þeirra, þ. á m. þann 16. janúar 2022.

5. Ákærði skýrði frá því við yfirheyrsluna hjá lögreglu að hið ætlaða síðara brot sem brotþoli hefði nefnt í kæruskýrslunni hefði að líkindum gerst fyrri hluta febrúarmánaðar 2022 og bar að atvik máls hefðu verið með þeim hætti að hann hefði verið ásamt brotþola í hjónarúminu, enda þá bæði verið búin að hátta. Ákærði kvaðst ætla að þegar þetta gerðist hefði brotþoli verið íklædd bol og brók, en hann lýsti framhaldinu þannig: „... og hérna hún sofnar, byrjar að hrjóta. Og svo hérna og svo byrjar hún að hreyfa sig rosalega mikið og færði sig til eitthvað og svo koma svona bara stynjur frá henni, eða

bara svona. Já, ég spyr hana um eitthvað ..., jú, ég spyr: Er ekki allt í lagi? og hún gerir, segir mhmm. Og ég kyssi hana á ennið og hún stynur. Og svo byrja ég að kyssa hana bara og hérna og hún stynur eitthvað og með þessu byrja ég bara hérna að nudda á henni snípinn. Og hún er, heldur áfram svona stynjandi og svo ætla ég að fara með fingurinn inn í leggöngin og þá vaknar hún áður en ég fer inn sko og spyr hvort ég sé að snerta sig. Og ég segi já og er, ég, mér bregður þegar hún vaknar og þá átta ég mig á því að hún var sofandi og hérna, því ég hélt hún hafi bara vaknað ... þegar hún byrjaði að hreyfa sig og var eitthvað að stynja og eitthvað. ... ég man bara að ég hélt hún væri vakandi og ég sagði: Fyrirgefðu og ég knúsaði hana, ég man. ... Og hérna og ég hætti og knúsa hana og bara segi: Fyrirgefðu, þú veist ég ætlaði ekki að gera þetta. Og hjartað á hundrað þarna út af því að ... eftir það sem gerðist þá veit ég alveg bara hvað ég, hvar ég á að vera og hvernig ég á að haga mér. .... Og svo biður hún mig um að halda áfram og ég spyr: Ertu viss? og hún sagði já. Og já, þá sem sagt, já, stundum við kynlíf saman eftir það. Og svo daginn eftir ... ég var með bara massívt samviskubit yfir þessu því það, það var svolítið þarna í kringum janúar og febrúar þegar ég var með annan fótinn inni að hún lagði sem sagt til þess að við stunduðum kynlíf en einhvern veginn alltaf fannst mér það að hún vildi það samt ekkert. Hún væri bara að gera það fyrir mig. Og alltaf eftir á leið henni illa ...“

Ítrekað aðspurður lýsti ákærði ofangreindum samskiptum nánar þannig: „Mig minnir að hún hafi legið á, legið svona eiginlega að mér ... hafi verið á ... hægri öxlinni. Og svo þegar hún fór að hreyfa sig, þá fer hún yfir á bakið og setur löppina upp og, og eitthvað. Já, mig minnir, ... já, við vorum með slökkt ljós og dregið fyrir og kannski sá ekkert þannig ... en ég bara hélt að hún væri vakandi þarna ... ég var búinn að kyssa hana á munninn og allt sko ... fékk til baka ... hefði vaknað því hún, á þessum tíma átti hún mjög erfitt með að sofa.“ Ákærði ætlaði að atburður þessi hefði gerst um kl. 1 og varað í um 10 mínútur.

Við lögregluyfirheyrsluna skýrði ákærði frá því að umrætt kvöld hefði dóttir brotþola legið á öðrum stað í hjónarúminu, en af þeim sökum hefði hann farið ásamt brotþola í annað herbergi þegar þau hefðu stundað kynlíf eftir ofangreint atvik.

Ákærði greindi frá því að daginn eftir, þann 9. febrúar 2022, hefði hann verið í netsamskiptum við brotþola um atburði næturinnar og bar að hann hefði þá á ný séð frásögn hennar um ætlað brot hans, og bar að hún hefði í þessum samskiptum lagt að honum að sækja þá muni sem hann hefði enn átt í húseign þeirra. Ákærði staðfesti

jafnframt efni annarra tölvusamskipta og þar á meðal að hann hefði daginn fyrir kærubrotapóla hjá lögreglu beðið hana afsökunar.

#### IV.

1. Við rannsókn málsins aflaði lögreglan gagna, að nokkrum hluta, um hin rafrænu samskipti sem farið höfðu á milli brotáþola og ákærða, þ.e. á tímabilinu frá 15. janúar til 27. febrúar 2022. Þessu til viðbótar lagði ákærði fram sambærileg gögn við meðferð málsins fyrir dómi, og þá frá 23. janúar nefnt ár.

2. Á meðal hinna rafrænu gagna eru samskipti sem ákærði og brotáþola áttu í þann 16. janúar 2022, en þar kemur m.a. fram að brotáþoli treysti sér ekki til að vera í hjónabandi með ákærða, en hún nefnir í því sambandi ætlað kynferðisbrot hans, og að hún treysti honum ekki, þar sem hann hafi gert lítið úr broti sínu gegn henni. Í skilaboðum segir brotáþoli jafnframt að það sé ekki sjálfsagt mál að hún sé yfirleitt í samskiptum við ákærða og að hann eigi að vera þakklátur fyrir að fá tækifæri til þess að vinna í eigin málum og geti þannig haft möguleika á því að koma aftur. Í skilaboðum segir brotáþoli einnig: „Ég er ekki að segja að þetta hjónaband sé búið, það er ég ekki til láta frá mér án þessa að reyna að vinna í þessu, en þú þarft þínu að setja þig í það hugafar að á meðan að þessi viðgangi, sama hve langan tíma það tekur, að þá erum við ekki í sambandi, þótt að við séum skráð hjón á einhverjum þú ert ekki að fara koma heim aftur fyrr en það hefur verið farið í mikla vinnu og þú ferð að gera þér grein fyrir þessu. Þegar sú vinna er langt komin þurfum við að ákveða hvort við ætlum að halda áfram í þessu hjónabandi og þá tekur ráðgjöf til að vinna í þessu saman. Ég er ekki að segja her að ég sé fullkomin og geri aldrei neitt viltast eða rangt, mína djöfla að draga en brotið þitt á mér er bara svo virkilega alvarlegt, ég get kært þig, þú varst traust mitt og öryggi og rústaðir því. Það er margt fyrir þetta sem þarf að vinna í og laga, það er líka á minn hlut.“ Í skilaboðunum lætur brotáþoli þá skoðun í ljós að ákærði þurfi að leita sér aðstoðar, en segir einnig: „Það þarf að halda sjálfsvinnu við. Þú braust á mér á svo hrottalegan hátt og það hræðir mig að ég þurfi að segja þér það sjálf, að ég þurfi að reyna að opna aug alvarleikanum, og að ég síðan segi þér að þetta hafi verið mjög alvarlegt brot og tala um mína líðan varðandi það atvik, að þú síðan gerir lítið úr því, segir að þú myndir ekki ganga svo langt að kalla þetta nauðgun, það er ... ótrúlega virkilega brenglað að þú sért ekki sleginn, að ég þurfi að segja þér það sjálf, að þú yðrist

ekki meira en það ... reynir að smokra þér leið inn aftur, fylustjórnar mér í gríð og erg, reynir að láta mér líða eins og mín líðan og tilfinningar ... ekki rétt á sér, gerir lítið úr því, það er grafalvarlegt mál. Að þú finnur það ekki hjá sjálfum þér að þú þurfir í sjálf ... hjálpar, fara út af heimilinu og gefa mér andrými til þess að ná andanum og vinna í þessu áfalli sem ég varð fyrir, ... hræðir mig, Þú ert ekki að fara til sálfræðings eða leita þér hjálpar með hálfum hug og að gera það fyrir mig. ... Þú þarft að finna það hjá sjálfum þér, en þú augljóslega gerir það ekki. Þegar manneskja er búin að segja útrekað nei við kynlífi, sama hvort það sé kærasta, vinkona, eiginkona - ... Af hverju heldur þú þá að það sé í lagi að króa hana síðan af þegar hún fer í sturtu og nauðga henni? Af hverju þarf segja svona oft nei líka? Það er ekki í lagi að þurfa segja nei oftar en einu sinni oftar en tvisvar. Það er ofbeldi bara það sé verið að suða um kynlíf. Þetta var svo mikið brot og þetta lét mér líða svo litilli og brothættri og ég bara fraus ... kláraðir þitt meðan tárin láku niður kinnarnar á mér og eftir það bara ekkert, nema það að ég er ónýtt, þú eyðilagðir ... í lífinu ... hef ég haft svona lágt sjálfsálit, mér finnst ég ógeðsleg og einskisvirði, enda hlýt ég að vera það þegar eiginmaður minn gerir mér þetta. Það er mjög ljótt að vera skýla sér á bakvið það að þú værir að gera gott fyrir mig þegar ég er grátandi á meðan og var búin að segja margoft nei við þig. ... það er engin von fyrir okkur nema þú gerir þetta almennilega og ekki bara fyrir ... heldur fyrir þig. Ég er ekki að segja að við séum ekki að fara vera í neinum samskiptum næstu mánuðina, við erum með sameiginlegar eignir og ábyrgð og við verðum bara að tækla það saman, .... ég er ekki að leika mér að því að henda þér út og enda þetta samband og því máttu með svona hegðun eins og í gær, það er bara ekki boðlegt í þessari stöðu sem við erum í. Ég vill ennþá hafa þig ... og vera í samskiptum við þig þótt að staðan er eins og hún er og þú verður að virða það, en ef það er ekki hægt að hafa þetta svona þá verð ég líka bara að taka því.“

Samkvæmt hinum rafrænu gögnum svaraði ákærði ofangreindum skilaboðum brotþola samdægurs, og segir þar m.a.: *Eg geri mér alveg grein fyrir því hvað ég gerði, ekki endilega þá og það er ógeðslegt og ... ég veit það. Og ég veit það er nauðgun og ég veit þú gætir alveg kært mig og ég veit, ég er uppáþrengjandi og sem eg senti i gærkvöldi voru einmitt til að láta þér ekki líða eins og ég væri í fýlu. Ég er sár því ég sakna þin og ... og ég fæ ekki að vera heima hjá mér og allt sem ég geri eða reyni að gera er rangt og ömurlegt og misheppnast ... ég er að reyna vinna traust þitt aftur, .... ég er hræddur við sjálfan mig og hvað ég hef gert. Eg er hræddur um hvernig hlutirnir verða. Eg er að*

*reyna sjálfum mer, það er erfit, það er erfit að finna mörkin i kringum þig og krakkana. ... Þetta verður alltaf meira en einn sálfræði ... verður ráðgjöf og eg ætla að segja mömmu og pabba þetta ... og eg geri allt til að fá traust þitt aftur. ... þú ert fallegasta og besta ... lífi mínu og ég mun gera allt til að vinna fyrir því að koma aftur inni líf þitt en til þess þarf ég ... að þú treystir því að ... að ég geti gert þetta sjálfur.*

Í gagnkvæmum skilaboðum ákærða og brotþola, sem eru dagsett 22. og 23. janúar 2022, kemur m.a. fram að ákærði hafi samkvæmt beiðni brotþola rætt ofangreint málefni við nána ættingja sína, þ.e. ömmu og móður. Segir ákærði frá því að hin síðar-nefnda hafi boðið brotþola aðstoð og stuðning, en hafi að auki ráðlegt þeim báðum að leita eftir ráðgjöf. Að þessu sögðu segir ákærði í skilaboðunum m.a.: „Ef þu vilt að ... lögreglunnar og játi brot mitt eða ef þu vilt fá að kýla mig, bara segðu það. Án djoks. Ég á það alveg skilið. ... Bara ekki loka á mig nuna, talaðu við mig.“ Brotþoli svarar þessu síðastgreinda í eigin skilaboðum m.a. á þann veg að það hafi verið vilji hennar að ákærði skýrði eigin ættingjum frá atvikum máls þannig að hann hefði bakland og stuðning og þá einnig til þess að hann myndi átta sig frekar á alvarleika málsins, en segir síðan:: „Ég hef engan áhuga á því að beita þig ofbeldi og he.... látið það út úr mér að ég hati þig. Fólkið þitt á að vera til staðar fyrir þig alveg eins og mitt fyrir mig.“ Ákærði svarar þessum skilaboðum þannig: „Afhverju finnst þér eins og ég geri mér ekki grein fyrir þessu ... geri mér fulla grein fyrir alvarleika málsins, skil það ... finnist það ekki því það var ég sem gerði þetta og þér finnst kannski eins og mér se alveg sama og juju ég gerði mér ekki grein fyrir því fyrst eftir þetta og ... ég þarf að reyna skilja það og afhverju. ...ég ætlaði aldrei að gera þetta og sé virkilega mikið eftir þessu. .... Elska þig endalaust og er einbeittur á því að vinna í þessu og vinna i sjálfum mér, og gefa þér pláss og tíma.“

3. Á meðal þeirra rafrænu skilaboða sem fóru á milli ákærða og brotþola eru skilaboð þeirra frá 9. febrúar 2022. Þau virðast hefjast á þá leið að brotþoli beini þeirri fyrirspurn til ákærða, um kl. 16:30, hvenær hann ljúki vinnu sinni. Ákærði svarar skilaboðunum skjótlega á þá leið að það verði fljótlega, en í framhaldi af því sendir brotþoli honum svohljóðandi skilaboð: „Vill að þú komir og takir dótið þitt og skiptir um bíl. Ég er virkilega eftir mig og miður min yfir þessu í nótt og mér leið að ef eg myndi ekki leyfa þer að halda afram að þá hefðiru bara aftur verið að brjóta á mér, núna þarf ég bara að fs við verðum að gera þetta i sundur svo það væri gott ef þu myndir taka mest allt af fötum og snyrtidóti, get ekkert auka áreiti ef það vantar eitthvað.“

4. Á meðal gagna, sem fyrst var aflað við aðalmeðferð málsins fyrir dómi, er afrit

af tilkynningu, sem ákærði hafði sett á eigin Instagram-reikning á veraldarvefnum, þann 19. mars 2022, og þá í tengslum við viðburð og skemmtun, sem árlega er haldin í þeim bæjarkjarna þar sem hann og brotápoli höfðu verið búsett. Ágreiningslaust er að brotápoli fór á þennan viðburð, en ákærði ekki. Efni tilkynningarinnar er svohljóðandi: „*Ásakanir í minn garð sem komu fram hér á Instagram í gær eru sannar. Ég tek ábirgð á því að hafa beitt konuna mína ofbeldi. Ég skammast mín fyrir hegðun mína í hennar garð en get því miður ekki tekið gjörðir mínar tilbaka. Brást henni og öllum í kringum mig og þykir það ofboðslega leitt. Eina sem ég get gert er að biðja hana afsökunar og gefið henni frelsi til að tjá sig um það sem ég gerði henni. Hef ekki áhuga á að ræða málið freka og vill að fólk gefi okkur frið til að vinna úr þessu.*“

#### IV.

Framburður fyrir dómi.

A. Sakarefni 1. kafla ákæru

1. Ákærði neitaði alfarið sök við aðalmeðferð máls þessa, líkt og hann hafði áður gert við þingfestingu. Að auki hafnaði hann einkaréttarkröfu brotáþola.

Fyrir dómi lýsti ákærði fyrstu kynnum sínum og brotáþola, en einnig sambúð þeirra, búsetu og hjúskap, og loks eigin brottför af heimili þeirra á [...]í lok árs 2021, líkt og hér að framan hefur að nokkru verið rakið, sbr. kafla II, liði 1 og 2.

Varðandi sakarefni 1. kafla ákærunnar skýrði ákærði frá því að hann hefði umrætt kvöld, í októbermánuði 2021, verið í hjónaherberginu og þá í rúminu ásamt brotáþola og sagði að við þær aðstæður hefði hann ýjað að því að þau hefðu samfarir, líkt og hann hefði gert fyrr um daginn. Ákærði staðhæfði að þetta hefði hann gert „í algjöru sakleysi eða bara til að sjá viðbrögð“. Ákærði sagði að brotápoli hefði alltaf hafnað þessari viðleitni hans, en hann lýsti gjörðum sínum í greint sinn nánar þannig: „... ég man eftir að hafa fært mig nær henni og hvort ég hafi kysst hana og ég held ég hafi ekki spurt.“ Ákærði staðhæfði að hann hefði tekið höfnun brotáþola um kynlíf vel og því hefði hann snúið sér við í rúminu og ætlað að fara að sofa, en orðið þess var, að liðnum 2–3 mínútum, að hún hefði rokið upp og lagt leið sína inn á baðherbergið. Ákærði áréttaði að þessu leyti fyrri frásögn sína hjá lögreglu og bar að brotápoli hefði áður en þetta gerðist milli þeirra viðhaft slíka háttsemi, þ.e. þegar hún hefði verið pirruð eða liðið illa, en tók fram að í þetta sinn hefði hann ekki orðið var við þvílíka vanlíðan hennar. Ákærði áréttaði að þessu leyti einnig að nokkru hina fyrri frásögn og þá um að þau hefðu áður rætt slík

viðbrögð brotþola, enda hefði hann stundum eigi áttað sig á tilefninu og þá hvort hann hefði gert eitthvað á hlut hennar. Af þeim sökum hefði honum fundist háttsemin óþægileg. Ákærði staðhæfði að auk þessa hefði brotþoli átt það til í samskiptum þeirra að vera stutt í spuna og þá stundum svarað með takmörkuðum hætti þegar hann hefði reynt að ræða þessa hegðun hennar. Ákærði skýrði frá því að vegna þessa hefði hann ákveðið að reyna að fá skýringar hjá brotþola og því afráðið, eftir um 2–4 mínútna viðveru í rúminu, að fara á eftir brotþola og ræða málefnið. Hann hefði því farið á eftir brotþola inn á badherbergið, en þá strax séð að hún hafði farið í sturtu. Ákærði sagði að á þessari stundu hefði brotþoli snúið hlið sinni að honum og því hefði ásjóna hennar í sturtunni beinst að útveggnum. Hann hefði afráðið að fara inn í sturtuna til brotþola, en minntist þess ekki hvort hann hefði áður borið þá ákvörðun sína sérstaklega undir brotþola, enda talið sér það heimilt og sagði: „Öhhh, ja, já, ég, við erum gift, við höfum gert það áður, ég ætlaði að fara þarna og tala við hana.“ Ákærði áréttaði að hann hefði margoft verið með brotþola í umræddri sturtu og staðhæfði jafnframt að við slíkar aðstæður hefðu þau stundað kynlíf. Af þessum sökum hefði hann ekki litið á það sem brot gegn brotþola að fara til hennar í sturtuklefann, en hann lýsti framhaldinu þannig: „... ég fer og afklæðist og labba inn í sturtuna og spyr hvort það sé allt í lagi og hvað væri að og hún neitar því og allt í góðu með það og hún er að þvo sér og ég leyfi henni bara að fá mestmegnis af sturtunni og hérna er svona að reyna að sjá hvort ég geti talað við hana eitthvað eða náð einhverju upp úr henni og hérna svo reyni ég eitthvað að baða mig og allt í góðu og ennþá spyr ég hvort það sé allt í lagi og svo erum við að knúsast eða ég er að halda utan um hana og ennþá að spyrja hana og hún segir að það sé allt í lagi og allt í góðu og ekkert sé að og ég, allt í góðu. Svo erum við þarna í örugglega 3, 4, 5, 6 eða, já, 4 mínútur, hún búin að þvo sér og ég er að knúsa hana, ég kyssi hana á hálsinn, ég kyssi hana á kinnina og bara man ekki hvort ég lét hana vita að ég elskaði hana eða eitthvað svoleiðis, ég er bara að reyna að spjalla við hana, bara að fá hana til að segja eitthvað.“ Ákærði staðhæfði að brotþoli hefði ávallt svarað orðræðu hans með orðunum: „... að það sé allt í lagi eða humm humm, það er allt í góðu ... það er ekkert að“ en framhaldinu lýsti hann þannig: „... ég strauk henni um axlirnar og færði mig nær henni og hélt síðan utan um hana þannig þar sem hún var með bakið í mig og ég svona knúsaði hana, já ... lítil viðbrögð, ... við spjölluðum saman og ..., ég að ganga úr skugga um að hún sé, að sé allt í góðu á milli okkar. ... Já, hún svarar, hún segir að það sé ekkert að ... og svo fer ég með höndina að kynfærum hennar ... ég nudda sníp hennar ... og spyr

hvort þetta sé allt í lagi og hún svarar játandi og eitt leiðir að öðru, við höfum hvað, samfarir þarna ... Ég sting kynfærum mínum inn í kynfærin hennar og ... sko, yfirleitt fer hún alltaf úr sturtunni fyrst ... hún var búin að þvo á sér hárið og þvo á sér líkamann og hérna, hún fer úr sturtunni, ég klára að þvo á mér hárið, fer síðan úr sturtunni, þurrka mér, hún fer inn í svefnherbergi að sofa og ég elti og mig minnir að það hafi ekkert mikið verið sagt, hvort við buðum ... hvort ég segi góða nótt við hana eða eitthvað, já.“

Ítrekað aðspurður sagði ákærði að við framanlýsta háttsemi hans í sturtunni hefði brotaþoli aðeins með takmörkuðum hætti sýnt viðbrögð, og þá ekki með kossum, enda hefði hún snúið baki sínu að honum. En vegna þessa hefði hann ekki séð vel andlit hennar, en bar að svipurinn hefði verið eðlilegur, og hefði hann m.a. ekki séð hana gráta.

Ákærði svaraði því ítrekað aðspurður að hann hefði í greint sinn ekki beinlínis spurt brotaþola hvort hann mætti hafa samfarir við hana, en árétaði í því sambandi fyrrgreind viðbrögð hennar, og orð, þ.e.: „Já, þegar hún sagði að það væri í lagi.“ Vegna þessa hafi hann litið svo á að brotaþoli hefði verið samþykkt því að hafa samfarir við hann. Það hefði því alls ekki verið ásetningur hans að brjóta gegn henni. Ákærði staðhæfði að hann hefði verið með brotaþola í sturtunni í u.þ.b. 15–20 mínútur, og bar að hún hefði tekið þátt í samförunum með þeim hætti að þau hefðu bæði þurft að viðhafa tiltekna stellingar í sturtunni, enda hefðu þau staðið í fæturna. Þar um vísaði hann helst til stærðarmunar þeirra. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa þurrkað upp bleytu á baðherbergisgólfinu, ásamt brotaþola.

Fyrir dómi árétaði ákærði fyrri frásögn sína hjá lögreglu, þ. á m. að atvik máls í sturtunni hefði fyrst komið til tals um 2–3 vikum síðar og þá í tengslum við heimkomu hans vegna eigin ferðalags með vinum sínum. Hann lýsti orðum brotaþola og eigin viðbrögðum af þessu tilefni þannig: „Hún sagði mér að ég hefði þvingað mig upp á hana ... Ég var hissa og mér skildist ekki eða ... ég mundi ekki eftir neinu svoleiðis atviki og neitaði þessu og hérna ... hún fór eitthvað að rifja upp þetta atvik og þá var hennar saga af þessu öðruvísi en mín og ég sagði ekki mikið, ég var bara í sjokki og við vorum þarna búin að vera að rífast yfir helgina.“

Ákærði skýrði frá því að hann hefði rætt þessar ásakanir frekar við brotaþola, m.a. í beinum samtölum þeirra, en einnig á rafrænum miðlum. Lýsti hann þeirri orðræðu og viðbrögðum brotaþola þannig: „Upp og niður, fór svoldið eftir því hvað ég sagði.“ Ákærði árétaði að hann hefði í þessum samskiptum hafnað ásökunum brotaþola, bar að hún hefði tekið þeirri afstöðu hans illa og lýsti hann viðbrögðum hennar þannig: „Þrýsti

því á mig svolítið ... Bara að fullvissa mig um að ég hefði gert þetta og þetta væri svona og svoleiðis.“ Ákærði sagði að brotþoli hefði lagt á það áherslu að hennar frásögn og lýsing væri hin rétta. Vegna þessa alls hefði hann gætt mikillar varkárni í öllum samskiptum sínum við brotþola, en þó gætt þess að taka ekki á sig sök varðandi hið ætlaða brota hans gegn henni í sturtunni.

Ákærði skýrði frá því að það hefði verið vilji hans að halda þeim möguleika opnum að samband hans og brotþola héldi áfram, en af þeim sökum hefði hann hagað orðum sínum með lýstum hætti í fyrstu, og sagði: „Já, eh, þá gekk, þá gengu samræðurnar betur og ég hélt einhvern veginn að það væri bara það sem hún þyrfti fyrir sig til að herna, taka einhver næstu skref eða halda eitthvað áfram eða getað opnað sig meir því eins og ég sagði, hún er, hefur alltaf verið fremur lokuð.“

Fyrir dómi var ákærði inntur eftir þeirri frásögn brotþola að hann hefði umræddan dag, en einnig um kvöldið, ítrekað gengið eftir því að eiga kynlíf með henni. Um þetta atriði vísaði ákærði til eigin frásagnar hér að framan og staðhæfði að frásögn brotþola væri að þessu leyti í aðalatriðum röng. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að brotþoli hefði neitað honum að koma inn í sturtuna. Þá vísaði hann til þeirra aðstæðna þegar brotþoli hefði fyrst haft uppi fyrrgreindar ásakanir, en einnig um það sem síðar gerðist í samskiptum þeirra og sagði: „Ég er búinn að hafa ákveðinn tíma til að rifja þetta upp fyrir sjálfum mér og þegar ég, þegar þetta var borið fyrir mér þarna í október, þá mundi ég ekki einu sinni eftir þessu sjálfur. ... Já, ég tel mig vera búinn að rifja þetta upp, ég man ekki eftir að hafa spurt hana.“ Nánar aðspurður og þá hvort hann hefði veitt því eftirtekt, þegar hann fór inn í sturtuna til brotþola, að hún hefði „frosið“ staðhæfði hann að hið tilfærða orð hefði í raun komið frá brotþola og sagði: „Nei, ekki mín upplifun heldur frá henni ... af því að hún sagði mér að hún hafi gert það.“

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að það sem hefði gerst á milli hans og brotþola í sturtunni hefði verið með samþykki þeirra beggja, og að því er varðaði frásögn hans hjá lögreglu um að brotþoli hefði augljóslega ekki viljað þýðast hann sagði hann: „... ég er að segja mína upplifun núna, ég var að segja það sem hún sagði mér og það sem ég var búinn að fá að vita eftir á þarna ... þetta er ekki mín upplifun.“ Aðspurður um þá frásögn hans hjá lögreglu að eftir samfarirnar í sturtunni og eftir að hann hafði farið í rúmið hefði hann verið með óþægindatilfinningu þar sem að hann hefði ekki fundið fyrir neinni nánd við samfarirnar svaraði hann: „Ég veit það ekki ... Mér leið illa áður en ég fór ... inn á

baðherbergið, eh, það er bara ég að gera sjálfum mér illt með einhverjum leiðinda-hugsunum um sjálfan mig og einmitt, þarf ekki mikið til að koma svona mínum haus eitthvað af stað og já, það bara ... einhvern veginn þegar við fórum inn í rúm þá var svo sem ekkert sérstakt ... og ég er orðinn afskaplega vanur því að dusta eitthvað svona af mér og halda áfram og dagurinn eftir var bara fremur eðlilegur fyrir mér.“

Fyrir dómi staðfesti ákærði að við yfirheyrsluna hjá lögreglu í aprílmánuði 2022 hefði hann játað kynferðisbrot gagnvart brotþola, en hann lýsti þeirri afstöðu og frásögn nánar þannig: „Því að það var eitthvað sem ég hélt að ég þyrfti að gera fyrir okkar samband og fyrir hana. Hún var í samskiptum við mig á þessum tímapunkti og eina sem ég man er hérna, ég man ekki hvort það var degi eða tveim, þrem áður, þá áttum við símtal þar sem að hún sagði mér að ég yrði tekinn í skýrslutöku og ætti bara að segja rétt frá, já ... það væri bara eitthvað sem hún hefði þurft að gera til að fá skilnaðinn og eitthvað, þetta væri eitthvað sem færi ekkert af stað fyrr en eftir jafnvel nokkur ár og eitthvað.“ Ákærði staðhæfði að hann hefði þannig í raun gefið fyrrgreinda skýrslu hjá lögreglu með því hugarfari að þóknast brotþola og sagði þar um: „Því að á þessum tímapunkti hafði ég ekki miklar áhyggjur af sambandi okkar, ég var kominn með markmið frá henni, ég þurfti bara að gera þetta. Ég var kominn með mörg markmið, ég þurfti bara að fara í burtu og flytja, þurfti bara að hitta sálfræðing, ég þurfti að fara í meðferð, ... hún bar það undir mig hvort ég væri ekki alveg örugglega með kynlífsfíkn og ræddi alls konar galla og ég væri narsissisti og þyrfti að fara til sálfræðings og ég gerði það bara og ég átti að fara í meðferð fyrir þessu til að komast aftur inn á heimilið og eitthvað svona. Og já, ég var kominn með markmið ég var fastur í þessum markmiðum til að komast aftur inn á heimilið, aftur til hennar, til krakkanna.“

Ákærði árétaði að á þeim tímapunkti þegar hann var yfirheyrður af lögreglu hefði hann litið svo á að samband hans og brotþola hefði verið á batavegi og bar að í raun hefði það verið í lagi í ákveðinn tíma. Vísaði ákærði þessu til stuðnings til þess að hann hefði á þessu tímasteiði farið með brotþola í helgarferð til höfuðborgarsvæðisins, í boði hennar.

Fyrir dómi staðfesti ákærði efni þeirra rafrænu gagna sem lögreglan hafði aflað við rannsókn málsins, um samskipti hans og brotþola, að hluta til, sbr. það sem rakið var í kafla IV hér að framan. Ákærði benti á að gögnin hefðu aðallega verið tekin úr síma brotþola, en staðfesti engu að síður áður rakin eigin skilaboð frá 16. janúar 2022, og m.a. að þar hefði hann notað orðið „nauðgun“. Ákærði staðhæfði að með þessum

tilgreindu skilaboðum hefði hann í raun verið að svara fyrri skilaboðum brotþola þar sem hún hefði verið að lýsa eigin upplifun af því sem gerst hafði í sturtunni. Ákærði benti á að þegar hann sendi skilaboðin hefði hann verið fluttur út af heimili þeirra, en að hann hefði jafnframt áður verið búinn að ræða við brotþola, m.a. augliti til auglitis, um samskipti þeirra í sturtunni. Staðhæfði ákærði að í þeirri orðræðu hefði hann stundum haft á orði að hann gerði sér grein fyrir sjónarmiðum og afstöðu brotþola vegna þessara samskipta, og sagði: „Ég viðurkenni hennar hlið á sögunni.“ Ákærði sagði að í öðrum tilvikum hefði hann ekki gert það og því yrði að skoða nefnd skilaboð hans í því ljósi, en einnig í því samhengi að hann hefði þá þegar verið búinn að ræða málefnið við nána ættingja sína. Ákærði áréttaði að í nefndum skilaboðum hefði hann einnig lýst eigin „upplifun“ af atvikum málsins. Ákærði staðhæfði að brotþoli hefði í raun ekki hlustað á hans hlið, og þá hvorki í þeim skilaboðum sem hann hafði sent henni né í þeim beinu samtölum sem hann hefði átt við hana. Ákærði áréttaði að þegar hann ritaði umrædd skilaboð til brotþola, í janúarmánuði 2022, hefði samband þeirra ekki verið gott og sagði: „Ég var fluttur út. ... fyrir mér voru þetta bara hlutir sem ég þurfti að gera ... til að halda sambandinu okkar.“

Ákærði staðhæfði að brotþoli hefði á tilgreindu tímasteiði krafist ýmislegrs af honum, auk þess sem hún hefði vantreyst honum, þ. á m. þegar hann hefði ætlað að hjálpa vini sínum um tiltekið viðvik og hefði af þeim sökum þurft að bregða sér út fyrir landsfjórðunginn. Ákærði staðhæfði að auk þessa hefði brotþoli haft á orði að réttast væri fyrir hann að skipta um atvinnu og þá vegna hærri launa. Ákærði sagði að þrátt fyrir nefnt viðhorf hefði brotþoli ekki hikað við að fela honum ábyrgð á uppeldi barna sinna og þar á meðal þegar hún hefði brugðið sér af bæ og farið í eigin helgarferðir, en að því leyti hefði honum borið að taka tillit til hennar þarfa og tilfinninga. Ákærði staðhæfði að þetta hefði ekki síst verið krefjandi eftir margnefnd samskipti í sturtunni, og eftir að hann hafði flutt út af heimili þeirra um áramótin 2021/2022. Hann lýsti tilætlunarseminni og samskiptunum m.a. þannig: „... ég átti bara að gera hitt og þetta ... það sem ég vildi virkilega gera var bara að koma til baka og reyna að laga þetta og ... þá átti ég að fara til sálfræðings og flytja í burtu og félagslega einangra mig. Ég mátti ekki tala við vini mína því þeir voru að hafa vond áhrif á mig ...“

Fyrir dómi áréttaði ákærði að brotþoli hefði boðið honum í fyrrnefnda helgarferð til höfuðborgarinnar og sagði að það hefði gerst helgina eftir að hann hafði verið yfirheyrður af lögreglu um lýst kæruefni. Ákærði staðhæfði viðhorf hans á þessum tíma og

þá vegna orða brotaþola um „... að þetta væri bara ekkert mál og áfram gakk“ og „að lífið yrði bara yndislegt í kringum apríl, þegar mér finnst þetta vera að smella saman“. Ákærði staðhæfði að hann hefði verið í ástarsorg á þessu tímasteiði.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að andleg líðan hans hefði smám saman farið versnandi á árinu 2022, og þá ekki síst eftir lögreglukæru brotaþola. Vegna þessa hefði hann fundið fyrir þunglyndi og kvíða, en að auki „misst alla von“ í sumarbyrjun, tekið viðeigandi lyf, en að auki leitað sér sálfræðiaðstoðar.

2. Brotaþoli skýrði fyrir dómi frá fyrstu kynnum hennar og ákærða, en einnig sambúð, búsetu og hjúskap þeirra, og loks brottför ákærða af sameiginlegu heimili fjölskyldunnar þann 31. desember 2021, með líkum hætti og hér að framan hefur að nokkru verið rakið.

Varðandi sakarefni 1. kafla ákæru skýrði brotaþoli frá atvikum máls með líkum hætti og hún hafði gert í áður rakinni kæruskýrslu hjá lögreglu. Brotaþoli sagði að atvik máls hefðu gerst á sunnudegi í októbermánuði 2021 og bar að hún hefði m.a. verið ásamt ákærða í rólegheitum á heimili þeirra, enda hefðu börnin hennar verið í umgengni hjá blóðföður sínum. Hún sagði að þau tvö hefðu m.a. hafst við í stofusófanum við sjónvarpsáhorf, en sagði að ákærði hefði við þær aðstæður sífellt verið að biðja um kynlíf, en hún ekki viljað slíkt. Hún sagði að ákærði hefði haldið suðinu áfram um miðnættið, eftir að þau höfðu komið sér fyrir í rúminu, en því viðbótar hefði hann viðhaft káf. Henni hafi fundist þetta óþægilegt og því farið úr rúminu, en í framhaldi af því lagt leið sína inn á ólæsanlegt baðherbergið, þar sem fyrir hefði verið þríhyrndur sturtuklefi. Hún lýsti framhaldinu þannig fyrir dómi: „Ég fer í sturtu og er eiginlega bara nýkomin í sturtuna þegar hann kemur inn á baðherbergið og byrjar að klæða sig úr fötunum og ég, hvort ég segi eitthvað svona: „hvað ertu að gera?“ eða eitthvað þannig og hann sagði bara: ég ætla að koma í sturtu. ... Í minni minningu segir hann: ég ætla að koma í sturtu. Og ég sagði: Nei, ég vill bara fá að vera í friði og hann bara heyrði ekki það sem ég sagði ... ég er bara eitthvað svona, ég er að fara að þrifa á mér hárið og ég vill bara fá að gera það í friði.“ Ítrekað aðspurð áréttaði brotaþoli að við lýstar aðstæður hefði ákærði spurst fyrir um hvort hann mætti koma inn í sturtuna, og þá hvort hann hefði heyrt fyrrgreinda neitun hennar svaraði hún: „Í minni minningu segir hann: Ég ætla að koma í sturtu. ... Og ég segi nei, ég vill fá að vera í friði. Já, já hann heyrði það alveg ... þarna gaf ég mig ekki, þarna var ég föst á því, ég sagði nei.“

Brotapoli lýsti athöfnum ákærða í barðherberginu nánar þannig: „...bara klæðir sig úr fötunum og kemur inn í sturtu og ég bara, ég vissi, það var eitthvað inni í mér, ég bara vissi hvað væri að fara að gerast. ... sambandið okkar einkennist af því að hann er suðandi um kynlíf og bara suðar þangað til að hann fær já og ef ekki já, þá fer hann fýlu. ... Þannig að ég snéri mér bara undan honum og í átt að veggnum og ég byrja bara að gráta og ég bara fraus. ... Hvert átti ég að fara? ... Og þar stóð ég bara frosin og tárin láku niður kinnarnar á mér ... ég heyri hljóðin í honum fyrir aftan mig, honum var alveg sama að ég var frosin þarna og vildi þetta ekki. Það var bara svona eins og hann hefði orðið æstari við það. ... Ég bara var dofin, frosin, ég gat ekki hugsað rökrétt, ég bara stóð þarna. Ókei, þetta er að fara að gerast. ... það er eins og ég sé máttlaus.“ Brotapoli kvaðst ekki geta sagt til um hvort ákærði hefði í greint sinn séð að hún hefði grátið, en sagði að hann hefði lokað sturtunni og því hefði ekki verið mikið pláss þar inni, en sagði um eigin viðbrögð: „Ég snéri mér við og ég bara stend bara mjög nálægt veggnum, ég man að ég gat lagt hausinn svona upp við vegginn ... og ég bara stend þarna ... minnir að ég hafi haldið bara svona utan um mig, hélt bara svona og ... bara ekkert eitthvað beint háskælandi ... en tárin runnu niður kinnarnar á mér og hann byrjar bara að káfa á mér, snerta mig alls staðar og kyssa á mér eyrað og andar í eyrun á mér og bara alls staðar, bara þetta týpíska káf og svo bara höndina í klofið á mér og ... nudda og ... setja fingurna inn og ... mig minnir að ég hafi allan tíman snúið baki í hann, allan tímann ... Svo bara setur hann tippið inn í leggöngin.“

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði ætíð staðið í fæturna í sturtunni, líkt og ákærði. Hún hefði hins vegar ekki tekið þátt í samræðinu, og þá m.a. ekki með því að snerta ákærða, og áréttaði að hún hefði verið „frosin“. Nánar aðspurð sagði brotapoli að þegar atvik máls gerðust hefði hún nær örugglega verið hálfbogin í líkamanum, og þá líkt og ákærði. Hún sagði að þegar ákærði hafði lokið sér af hefði hún veitt því eftirtekt að barðherbergisgólfið var á floti, en af þeim sökum hefði hún skolað af sér, en síðan þurrkað vatnið af gólfinu ásamt ákærða. Í framhaldi af því hefði hún líkt og ákærði farið til svefnherbergisins, en án þess að þau ræddust við.

Brotapoli skýrði frá því að fyrir ofangreindan atburð hefði hún tekið þátt í kynlífi með ákærða í sturtunni, en treysti sér ekki til þess að fullyrða um hvort það hefði gerst í umræddu húsnæði eða þar sem þau hefðu áður haft búsetu. Brotapoli staðhæfði jafnframt að ákærði hefði áður farið yfir hennar mörk líkt og umrætt kvöld, og því hefði þetta ekki verið í fyrsta skiptið, en sagði: „Alls ekki, en í fyrsta skiptið sem hann fer harkalega yfir

mín mörk. ... Það er ekkert rosalega erfitt að misskilja það þegar þú ert ekki velkominn í sturtuna þegar það er búð að segja nei við þig, þá vill ég augljóslega ekki hafa hann, hvað þá að stunda kynlíf. ... Það er alveg skýrt í mínum huga, ég sagði nei, hann var ekki velkominn í sturtuna og var búin að vera að segja nei við hann allan daginn.“

Brotapoli greindi frá því að hún hefði fyrst átt orðastað við ákærða um ofangreinda háttsemi hans í sturtunni um þremur til fjórum vikum síðar, og staðfesti að það hefði verið tengslum við fyrrgreint ferðalag hans með vinum sínum. Lýsti hún þeirri orðræðu í aðalatriðum á sama veg og hún hafði áður gert hjá lögreglu, þ. á m. varðandi sóttkví fjölskyldunnar vegna covid, og skapofsakasti ákærða því tengdu, og jafnframt að í kjölfarið hefðu þau átt í rifrildi í rafrænum skilaboðum. Hún staðhæfði að rifrildið hefði haldið áfram það sama kvöld og ákærði hefði komið á heimilið eftir ferðalagið, og bar að það hefði m.a. tengst kröfu hans um kynlíf. Hún sagði að vegna þessa alls hefði komið til orðaskipta þeirra í milli, sem hún lýsti þannig: „...ég horfi á hann og segi við hann: Gerir þú þér grein fyrir því að þú nauðgaðir mér? Og hann bara sagði: Ég myndi nú ekki fara að ganga svo langt að kalla þetta nauðgun, og ég bara svona: Gerir þú þér grein fyrir því að þú braust á mér, þú nauðgaðir mér inni á okkar eigin heimili? Og hann verður bara reiður, steytir eitthvað hnefanum. ... Og þetta er í fyrsta skiptið sem að ég ræði þetta við hann og ég fékk bara vegginn á móti mér. ... og þarna fer ég bara í lás, ég bara svona, ókei, það er ekkert tekið á móti mér og svo sem, ég vissi alveg því allt okkar samband hefur aldrei verið tekið á móti mér eða mínum tilfinningum, þær eru alltaf bældar niður, ég er alltaf, sama hvað ég segi, ég er alltaf töluð niður af því að hann veit betur og hann er bara að gera það sem er best fyrir mig með því að gera þetta svona. Meira að segja þó að þetta snérist ekki einu sinni um eitthvað í okkar sambandi, bara ef ég var ósátt við eitthvað í tengslum við vinkonur mínar, þá bara: Æjj, vertu nú ekki svona dramatísk, hættu þessu bara, þannig að ég er alveg von því að það er ekki tekið á móti mér þannig að ég þagði bara. Ég bara ræddi þetta ekki meir. ... þannig að samskiptin okkar eftir þetta voru lítil sem engin, ég forðaðist hann mjög mikið og forðaðist mikið að vera inni á heimilinu.“

Brotapoli lýsti atvikum máls eftir þetta með líkum hætti og hún hafði áður gert hjá lögreglu, og þar á meðal að hún hefði talið sig nauðbeygða til þess að biðja ákærða að fara út af heimilinu um áramótin 2021/2022, enda hefði hún talið sig þurfa að fá andrými til þess að hugleiða. Að auki hefði hún, þegar hér hefði verið komið sögu, ekki treyst sér til að halda áfram á vinnumarkaðnum. Þá hefði hún ráðlagt ákærða að leita sér

aðstoðar hjá sálfræðingi. Hún sagði að ákærði hefði samþykkt þessar ráðstafanir, en bar að hún hefði ekki treyst sér til að ræða samvistarslitin við eigin ættingja, vini og börnin sín, enda hefði ákærði í raun haldið áfram búsetu sinni á heimilinu, þ.e. þegar börn hennar hefðu verið þar fyrir, en hann hefði eigi verið hjá henni þegar börnin voru í hinni vikulegu dvöl hjá blóðföður sínum.

B. Sakarefni 2. kafla ákæru.

1. Ákærði skýrði frá því að hann hefði að kvöldi til, þann 8. febrúar 2022, komið á þáverandi heimili sitt og brotaþola á [...] fremur seint vegna anna við vinnu. Ákærði vísaði til þess að þrátt fyrir samvistarslitin um liðin áramót hefði hann oft gist þar, og þá í hjónaherberginu hjá brotaþola, og sagði að þau hefðu á slíkum stundum af og til stundað kynlíf. Ákærði sagði að þessar næturgistingar hans hefðu í fyrstu ætíð verið í tengslum við dvöl barna brotaþola á heimilinu, en að fljótlega eftir samvistarslitin, þ.e. í febrúarmánuði, hefði dregið úr þessari viðveru hans, þó svo að hann hefði stundum hlaupið í skarðið fyrir brotaþola þegar á hefði þurft að halda, m.a. þegar hún hefði farið í helgarferð til höfuðborgarsvæðisins. Því til viðbótar hefði slíkt komið fyrir vegna ófærðar á milli byggðarlaga, en að við slíkar aðstæður hefði hann einnig í örfá skipti gist hjá vinum sínum í bæjarkjarnanum. Ákærði staðhæfði að gistingar hans hjá brotaþola hefðu endanlega hætt sumarið 2022.

Ákærði skýrði frá því að aðstæður hefðu verið með ofangreindum hætti þegar hann gisti í sameiginlegri húseign sinni og brotaþola aðfaranótt 9. febrúar 2022. Hann sagði að atvik hefðu nánar tiltekið verið með þeim hætti að rétt eftir miðnættið hefði hann verið ásamt brotaþola í hjónarúminu og bar að þar hefðu þau kúrt innilega, og sagði: „Hvort lá ég á bakinu og hún í örmum mínum eða ég snéri mér á hlið og hélt utan um hana ... Öruglega eitthvað kossar og eitthvað svoleiðis.“ Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst kossanna sérstaklega, en aftur á móti minntist hann þess að við nefndar aðstæður hefði dóttir brotaþola vaknað og komið upp í rúmið til þeirra og lagst fyrir aftan hann, enda hefði brotaþoli þá verið andspænis honum í rúminu. Ákærði lýsti framhaldinu þannig: „... svo bara svona þróaðist þetta, við vorum bara bæði farin að, augnlokin farin að síga eða ... ég veit það ekki, bara rólegheit, vorum bara að halda utan um hvort annað og hafa það notalegt.“ Ákærði sagði að þegar þetta gerðist hefði hann verið íklæddur nærbuxum, en minntist ekki klæðnaðar brotaþola. Ákærði bar að þegar þarna hefði verið komið sögu hefði hann kysst brotaþola á ennið, og lýsti hann viðbrögðum hennar þannig: „... og hún stynur eitthvað og er eitthvað að hreyfa sig og

hérna og allt í góðu með það hérna, ég man ekki hvort ég ýjaði að því bara svona, man ekki hvað ég sagði eða eitthvað, ég sagði eitthvað um það að hérna, hvað segir maður bara að það væri orðið heitt í hamsi ... heitt í kolunum ... og hérna fékk þessa stunu aftur, þetta var svona ... bara uhhh eða ... nema bara hærra og meira útdregið einhvern veginn ... og ég hélt að hún væri vakandi. ... Hún liggur síðan, fyrst liggur hún að mér, svo er hún komin á bakið og ég fer með hendina mína hérna niður að kynfærum hennar og byrja að nudda snípinn og er svo að strjúka svona niður að leggöngum hennar og þá vaknar hún, eða rís upp og spyr mig hvað ég er að gera. Eða já, hvort ég væri að snerta sig, já, og ég svara játandi og spyr hana hvort hún væri ekki, hvort hún hafi verið sofandi því að hún einmitt, henni brá svo að hún stökk upp og reisti sig upp svo fljótt og eitthvað, og hún svarar því játandi og ég eitthvað: Ókei, þetta var bara misskilningur, ég hélt að þú værir vakandi, ehh, ég knúsaði hana og segi fyrirgefðu og ... bara, þetta var óvart, ég ætlaði ekkert að hérna gera þetta svona. Og mér var bara fremur brugðið sjálfum og hérna, hún eitthvað reynir að segja mér að ég hafi vitað eða hvort hún reyndi að segja mér að, eða fullvissa mig um að hún hafi verið sofandi og eitthvað svona og eins og ég segi þá bara knúsaði ég hana og sagði fyrirgefðu, ég vissi það ekki.“

Ákærði áréttaði að þegar atvik máls gerðust hefði hann talið að brotapolí hefði verið samþykkt ofanlýstum athöfnum hans, og hefði hann ekki veitt því eftirtekt að hún hafði sofnað, og sagði: „... ég varð ekki var við það þá.“

Ákærði skýrði frá því, og áréttaði að nokkru fyrri frásögn sína hjá lögreglu, að á þessu tímasteiði í samlífi hans og brotþola hefði hann farið mjög varlega að henni, enda ekki haft ásetning til þess að brjóta gegn henni og sagði þar um: „Alls ekki, ég var svo smeykur um að einmitt bara ýja að einhverju svona þarna út af þessum ásökunum, að yfirleitt hérna gekk ég alltaf úr skugga um að hérna það væri allt í lagi og passaði það að hún væri frekar að biðja um nánd frekar en ég. ... reyndi að, alltaf að vera mjög varkár ...“

Ákærði sagði að í umrætt sinn hefðu ljósin verið slökkt í hjónaherberginu og því hefði þar verið algjört myrkur.

Ákærði lýsti því sem næst gerðist í samskiptum hans og brotþola, þannig: „... hvort hún biður mig eða býður mér að halda áfram eða eitthvað svoleiðis. Ég segi nei eða ... eitthvað svona: Ertu viss? og hún eitthvað: Já, og ég bara: Er það? Og reyni að fá staðfestingu á því að hún í rauninni vilji þetta og hún segir já og ég held aðeins áfram og svo færum við okkur yfir í annað herbergi og stundum mök þar ... hún fer inn á klósett,

pissar, ég fer í brókina mína, fer inn í herbergi og við förum að sofa ... kringum þrjúleytið.“ Að þessu leyti véfengdi ákærði frásögn brotþola um tímasetningar og benti á í því sambandi að hann hefði farið til vinnu þá um morguninn, um kl. 7.

Fyrir dómi var borin undir ákærða hin hljóðritaða frásögn hans hjá lögreglu um atvik máls, þ. á m. um að hann hefði heyrt brotþola hrjóta. Ákærði neitaði þessu atriði og fullyrti að þar hefði hann farið með rangt mál hjá lögreglu og sagði: „Nei, ég heyri hana ekki hrjóta.“ Að því leyti áréttaði ákærði áður rakta frásögn og þá um að hann hefði ekki veitt því eftirtekt að brotþoli hefði sofnað, og þá ekki fyrr en hún hefði risið upp og ávarpað hann. Nánar aðspurður um efni lögregluyfirheyrslunnar, og þá um hvort hann hefði spurt brotþola hvort allt væri ekki í lagi og þá eftir að hann hafði heyrt hana stynja og að hún hefði af því tilefni umlað, sagði hann: „Gæti alveg verið að ég hafi spurt að einhverju, ég man ekki nákvæmlega. ... En eins og ég sagði þarna þá var ég afskaplega varkár einmitt með allt sem ég gerði, þannig að það gæti alveg verið að ég hafi spurt að einhverju eða eitthvað.“ Ákærði sagði að fyrrnefndar stunur brotþola hefðu í raun ekki komið til vegna aðgerða hans, a.m.k. ekki til að byrja með og sagði: „... við vorum að kúra og bara, hún var að hreyfa sig eitthvað og nudda sér eitthvað utan í mig ... ég er með hana í föðmum mér ... Ég kyssi hana, minnir mig, og já ... Hún lá á hliðinni ... að mér.“ Ítrekað aðspurður og þá hvort hann hefði gengið úr skugga um meðvitund brotþola í greint sinn, og þá hvort hún hefði verið vakandi þegar þarna hefði verið komið sögu, sagði ákærði: „Nei, ekkert endilega, enda liðu ekki tvær mínútur frá því að við vorum að spjalla sko ... þar til að þetta byrjar, mér datt ekki í hug að hún hefði sofnað á þeim tíma ... ég hefði áttað mig á að hún væri sofandi ef hún hefði byrjað að hrjóta á fullu og sérstaklega þar sem leið örskammur tími þangað til að þetta byrjar frá því að við erum að spjalla sko ... í rólegheitum ... ég gerði mér bara ekki grein fyrir því að hún hafi sofnað skyndilega ... ég vissi það síðan að hún hafði verið sofandi, þegar hún rankar við sér þarna eða rís upp, ... ég fór með það hugarfar í þessa (lögreglu)skýrslutöku.“

Fyrir dómi greindi ákærði í aðalatriðum frá með líkum hætti og hann hafði áður gert hjá lögreglu, að því er varðaði samskipti hans við brotþola daginn eftir ofangreind samskipti, og enn fremur um skilaboðin frá 9. febrúar, sbr. það sem rakið var í kafla IV, lið 3 hér að framan. Ákærði sagði frá því að hann hefði þannig rætt við brotþola um atburði næturinnar, enda veitt því eftirtekt að henni hefði liðið illa, en bar að hið sama hefði átt við hann og sagði: „... ég er með samviskubit eftir á af því að hún, einmitt henni líður illa yfir einhverju, sem ég á að hafa gert og ég fæ samviskubit af því að þetta er

manneskja sem ég elska og ef það er mér að kenna að henni líður illa þá er ég með, ... mér líður illa með henni sko. ... Eftir að hún vaknar og ég biðst fyrirgefningar og knúsa hana þá krefst hún þess að við höldum áfram og mér leið ekki vel með það ... ég krafðist þess að tala við hana til þess að segja henni að hún hefði ekki þurft að gera neitt, ég var góður með að segja bara fyrirgefðu og útskýra mitt mál og ekkert meir ... þetta atvik einmitt byrjar á misskilningi og svo krefst hún þess að það haldi áfram og svo er hún miður sín þannig að ég þurfti bara að fá betri útskýringu á þessu og bara vildi tala við hana, bara fá hennar tilfinningar og líðan og ræða þetta við hana og ekkert mál. Ég fór og tók fötin mín, snyrtidótið, skipti um bíl við hana og fór síðan upp í [...], minnir mig.“

Fyrri dómi andmælti ákærði frásögn brotþola að nokkru og þar á meðal um að hann hefði verið „dóminerandi“ í samvistar- og hjónalífi þeirra. Vísaði ákærði til þess að í samlífi þeirra hefði brotþoli verið með sterkar skoðanir á mönnum og málefnum, ekki síður en hann, og lýsti hann að nokkru ágreiningsmálum þeirra. Þá vísaði ákærði til þess að kastast hefði í kekki með þeim þann 27. febrúar 2022 og bar að það hefði gerst eftir að hann hefði aðstoðað vin sinn við búferlaflutninga á milli landshluta. Benti hann á að þetta hefði gerst daginn áður en brotþoli lagði fram kæru sína gegn honum hjá lögreglu.

Ákærði sagði að gengið hefði verið frá skilnaði hans og brotþola í marsmánuði 2022.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að það hefði í raun verið brotþoli sem hefði samið þá yfirlýsingu sem hafði birst á Instagram-reikningi hans í tengslum við fyrrgreinda bæjarskemmtun, sbr. kafla IV, lið 4, hér að framan, en hann staðhæfði að þetta hefði gerst þann 19. mars 2022. Ákærði sagði að tildrög textasmíðinnar hefðu verið á þá leið að brotþoli hefði ákveðið að fara á umrædda bæjarskemmtun, en aftur á móti mælt til þess að hann færi ekki. Ákærði sagði að þegar yfirlýsingin hefði birtist á vefnum hefði það valdið sterkum stuðningsviðbrögðum hjá vinum og kunningjum hans, en að því hefði að nokkru verið öfugt farið gagnvart brotþola. Ákærði sagði að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefði fengið hefði kastast í kekki milli nafngreindra vina hans og brotþola á bæjarskemmtuninni og bar að það hefði valdið brotþola hugarangri. Staðhæfði hann að nóttina sem bæjarskemmtunin var haldin hefði brotþoli beðið hann um að hitta sig á hinu fyrrnefnda sameiginlega heimili þeirra, og hefði hann í framhaldi af því rætt málin við brotþola, en síðan sofið þar um nóttina. Ákærði staðhæfði að brotþoli hefði samið texta yfirlýsingarinnar í hans nafni í tengslum við fyrrnefnda uppákomu og hann í framhaldi af því samþykkt að birta textann vegna þrýstings frá henni

og þá í því skyni að veita henni frið fyrir fólki. Ákærði staðhæfði að efni yfirlýsingarinnar hefði í raun ekki verið sannleikanum samkvæmt og þá ekki frekar efni þeirrar skýrslu sem hann hefði gefið síðar hjá lögreglu, en þar um vísaði hann m.a. til þeirra áhersluatriða og skilyrða sem brotþoli hefði beint að honum og sagði: „(Brotþoli) vildi alls ekki að ég væri að umgangast þetta fólk sem ég kalla vini mína og hérna, gefur mér einhverja svona úrslitaskosti, annaðhvort ertu ekki vinur þeirra eða þetta er búið ...“

Ákærði skýrði frá því að hann hefði að beiðni brotþola og þá í tengslum við lögskilnað þeirra afsalað henni helmingshlut sínum í þeirri húseign sem þau hefðu keypt saman. Hann sagði að stefnt hefði verið að því að ganga frá fjárhagslegu uppgjöri þeirra í millum á miðju ári 2023.

Fyrir dómi áréttaði ákærði fyrri frásögn sína hjá lögreglu að því er varðaði hina andlegu líðan og bar að hún hefði farið versnandi þegar leið á árið 2022. Vegna þessa hefði hann leitað sér sérfræðiaðstoðar. Ákærði sagði frá því að hann hefði síðast verið í eiginlegum samskiptum við brotþola í júlímánuði 2022, og bar að í raun hefði hann gefist upp á því að eiga samneyti við hana.

2. Fyrir dómi áréttaði brotþoli fyrri frásögn sína hjá lögreglu, þ.e. að eftir samvistarslitin um áramótin 2021/2022 hefði ákærði haldið áfram búsetu sinni í húseign þeirra þegar börn hennar voru ekki hjá blóðföður sínum. Nánar aðspurð kvaðst brotþoli ekki minnst þess vel hvort þau hefðu þá jafnframt haldið áfram að stunda kynlíf, en sagði að það hefði þó örugglega gerst.

Brotþoli skýrði frá því að eftir samvistarslitin hefði líðan hennar verið slæm og hún m.a. átt mjög erfitt með svefn. Af þeim sökum hefði hún gripið til þess ráðs að drekka nokkra bjóra á kvöldin og sagði að þannig hefði einmitt verið ástatt fyrir henni þegar ákærði hefði gist á heimili hennar þann 9. febrúar nefnt ár. Var það ætlan brotþola að ákærði hefði legið fyrir í hjónarúminu nærri miðnættinu, og ætlaði jafnframt að þar hefði þá einnig verið fyrir dóttir hennar. Brotþoli sagði að í ljósi þessara aðstæðna hefði hún talið sig örugga þegar hún hefði lagst fyrir í rúminu, með dótturina á milli þeirra, og sagði: „Hann er aldrei að fara að gera mér neitt með barnið uppi í rúmi og ég bara sofna. Ég ligg og sef alltaf á vinstri hliðinni og ég lá þannig. Svo bara vakna ég við það að hann er með puttana uppi í leggöngunum, ég svona ... í minni minningu þegar ég leggst upp í rúm þá er hún (stúlkan) á milli okkar, en svo er hann náttúrlega kominn fyrir aftan mig þegar ég vakna þannig að hann er búinn að færa hana ... rumska og ég fattaði þetta ekki

alveg strax, svo um leið og ég fattaði þetta þá reis ég svona upp og horfði á hann og ég segi: Ertu að snerta mig? Og hann segir: Já, varstu sofandi? Og ég bara: Já, ég var sofandi. Ó, fyrirgefðu er þetta ekki allt í lagi ... má ég halda áfram? og eitthvað svona ... Hann hélt að ég væri að biðja um þetta af því að hann heyrði mig stynja ... ég var sofandi, ég veit ekki hvað hann upplifði ... og ég bara ... ef ég segi ekki já, þá er þetta bara búið að gerast enn einu sinni þannig að ég segi bara já. ... og ég bað hann um að við myndum færa okkur samt út af því að dóttir mín var uppi í rúminu.“

Brotapoli treysti sér ekki að segja til um hversu lengi hún hefði sofið í greint sinn, og vísaði til þess að myrkur hefði verið í herberginu, en sagði: „Ég samþykkti þetta ekki. Ég skil ekki hvernig hann heldur að ég hafi samþykkt þetta þegar ég hrekk upp og spyr: Ertu að snerta mig? Vissulega samþykki ég það eftir á.“

Brotapoli greindi frá því að daginn eftir ofangreindan atburð hefði hún verið í netsamskiptum við ákærða og staðfesti fyrri frásögn, að hún hefði þá farið fram á að hann tæki muni sína úr húseign þeirra, en einnig aðra bifreiðina.

3. Brotapoli greindi frá því fyrir dómi að eftir að ofangreind viðskipti voru um garð gengin hefði hún haldið áfram samskiptum sínum við ákærða, en fullyrti að þau hefðu þó verið öðruvísi en áður.

Brotapoli áréttaði að þegar hún hefði verið í beinum samskiptum við ákærða fyrri hluta ársins 2022 hefði hann eigi neitað því að hann hefði brotið gegn henni, en aftur á móti haft uppi margvíslegar afsakanir fyrir gjörðum sínum. Hún sagði að ákærði hefði þó einnig beinlínis andmælt frásögn hennar um lýst brot hans, líkt og þegar hún hefði í fyrsta skiptið borið fram ásökunina um nauðgun, í októbermánuði 2021, sbr. fyrrgreind orð hans: „... ég myndi nú ekki fara að ganga svo langt að kalla þetta þetta nauðgun.“ Um þetta tilgreinda atriði hafði brotapolí jafnframt svofelld orð: „Fyrir honum var þetta ekki nauðgun út af því að ég er konan hans, hann má sofa hjá mér þótt ég segi nei, það er það sem hann er að meina þegar hann segir: Ég myndi ekki ganga svo langt að kalla þetta nauðgun af því að við erum hjón. Ég er ekki ókunnug kona inni á klósetti á skemmtistað.“

Aðspurð um skýringar á því af hverju ákærði hefði í tilgreindum síðari samskiptum, m.a. hinum rafrænu, viðurkennt nauðgun og þá einnig í yfirheyrslu hjá lögreglu sagði brotapolí m.a.: „Hann var náttúrliga bara að gera þetta til að fá mig til baka. ... Hann var að reyna að halda mér góðri, hann er bara að segja fyrirgefðu með þetta allt saman, ég

elska þig, ég hefði aldrei átt. Hann er bara að passa að ég fari ekki neitt, það er það sem hann er að gera ... hann var alltaf bara að bíða eftir að ég væri búin að jafna mig.“

Brotapoli greindi frá því að fyrri hluta ársins 2022 hefði ákærði reynt að sannfæra hana um að hann væri breyttur maður og að hún ætti af þeim sökum að gefa honum tækifæri og að þau myndu hefja samvistir að nýju. Hún sagði að vegna þessa hefði hún sett tiltekin skilyrði: „...að ef þetta ætti að ganga þyrfti hann að fara í meðferð við kynlífsfíkn því að hann var búinn að segja mér að hann væri með kynlífsfíkn ... og ég fór að setja hömlur á ... það voru skilyrðin sem ég setti, ég vildi ekki t.d. að hann myndi búa hjá vini sínum því mér fannst vinur hans vera að hafa slæm áhrif á hans meðferð ... mér leið eins og það væri á minni ábyrgð að laga hann.“

Fyrir dómi áréttaði brotapoli frásögn sína hjá lögreglu um að samband ákærða við börnin hennar hefði verið gott og hefðu þau verið hænd að honum og þá ekki síst dóttirin. Hún hefði því treyst ákærða fyrir börnunum, m.a. þegar hún hefði farið í helgarskemmtiferð til Reykjavíkur, og sagði: „Ég hafði aldrei áhyggjur af því að hann myndi gera börnunum mínum eitt né neitt.“

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði farið ásamt ákærða í ferðalag til Reykjavíkur og bar að í þeirri ferð hefðu þau í síðasta skiptið stundað kynlíf, en sagði að hún hefði af þeim sökum orðið miður sín og grátið. Þá kvaðst hún hafa greint ákærða frá því að hún ætlaði að leggja fram lögreglukæru á hendur honum vegna fyrrgreindra brota hans og bar að daginn fyrir för hennar á lögreglustöðina hefðu þau átt í tilfinningaþrungnu rifrildi. Hún sagði að í kjölfar þessara samskipta hefði hún pakkað niður í tösku síðustu eigum ákærða á heimili sínu.

Brotapoli skýrði frá því að eftir að ákærði hafði verið kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu, í lok aprílmánaðar 2022, hefðu þau haldið áfram að eiga í samskiptunum, en þá helst með rafrænum miðlum. Hún staðhæfði að lýst brot ákærða og samskipti hennar við hann hefðu litað mjög líf hennar og bar að hún hefði að lokum að nokkru misst tökin sumarið 2022. Vegna þessa hefði hún tekið ákvörðun um að slíta öllum samskiptum við ákærða, en í framhaldi af því leitað eftir markvissri faglegri aðstoð.

## VI.

1. Vitnið C, fædd árið [...], kvaðst hafa veitt því eftirtekt nokkru fyrir jólin 2021, e.t.v. í nóvembermánuði, að breyting hefði orðið í fari brotþola, bestu vinkonu sinnar, og sagði að hún hefði verið „rosalega fjarlæg og skrýtin í samskiptum“. Vitnið kvaðst

hafa haft fregnir af því að eiginmaður brotþola, ákærði, hafði flust af heimilinu, en ætlað að það hefði tengst viðbrögðum hans þegar sonur brotþola hefði þurft að fara í einangrun, en að það hefði verið um það leyti sem hann hefði farið með vinum sínum í ferðalag. Vitnið sagði að í janúar 2022 hefði brotþoli óskað eftir að eiga við hana samtal og bar að við það tækifæri hefði hún séð að brotþoli hefði í miklu uppnámi og grátíð, og vitnið sagði: „Hún gat ekki talað og var bara með svona kökk.“ Vitnið sagði að þetta ástand hefði verið mjög óvenjulegt í fari brotþola, enda hefði hún ávallt verið ákveðin í framkomu og með allt á hreinu og tilbúin í að gera skemmtilega hluti. Vitnið sagði að við þetta tækifæri hefði hún hlýtt á frásögn brotþola um að ákærði hefði nauðgað henni í sturtunni á heimili þeirra um þremur mánuðum fyrr. Vitnið kvaðst jafnframt hafa hlýtt á frásögn brotþola um að aðdragandinn að þessu broti hefði verið með þeim hætti að ákærði hefði verið að biðja hana um kynlíf, en að hún ekki verið til í slíkt, en að hann hefði „... verið farinn að suða þannig að hún fór í sturtu og að hann hafi komið síðan á eftir henni, spurt hvort að hann mætti koma inn í sturtuna, hún hefði sagt nei og að hann hefði komið inn í sturtuna ... sofið hjá henni ... ekki með hennar samþykki, nei.“

Vitnið skýrði frá því að hún hefði síðar hlýtt á aðra frásögn brotþola og þá um að ákærði hefði brotið gegn henni að nýju og þá á árinu 2022, þ.e. þegar brotþoli hefði verið í „svolitlum samskiptum“ við hann „og hún leyfði honum að koma í heimsókn og mig minnir að hann hafi ætlað að gista. Hún sagði mér frá því að hún hefði verið sofandi upp í rúmi og (dóttirin) með henni og að hún hefði vaknað með fingurna á honum inni í leggöngunum á sér.“

Vitnið skýrði frá því að hún hefði rætt ofangreind málefni við brotþola eftir þetta, en þá einnig um líðan hennar, og sagði: „Ég held að hún hafi verið svolítið rugluð. Hún elskaði hann (ákærða) mjög mikið og þetta svona braut hana. Hún svona vildi ekki að þetta hefði gerst ... og henni leið mjög illa.“

2. Vitnið D, fæddur árið [...], greindi frá því að hann hefði kynnst ákærða í framhaldsskóla og bar að þeir hefðu þar orðið vinir. Vitnið kvaðst síðar hafa kynnst brotþola og þá í gegnum ákærða. Vitnið skýrði frá því að hann hefði fyrst heyrt um ætlað kynferðisbrot ákærða gegn brotþola í janúar 2022, og sagði að þá hefði ákærði verið fluttur af sameiginlegu heimili þeirra. Vitnið sagði að ákærði hefði greint frá málavöxtum þannig að hann hefði farið yfir mörk brotþola, en að aðdragandinn hefði verið með þeim hætti að þau hefðu verið að rífast haustið 2021, að brotþoli hefði farið

inn á baðherbergið, en hann elt hana og þar hefði brotið átt sér stað. Vitnið sagði að ákærði hefði haft á orði að á verknaðarstundu hefði hann ekki tekið því sem svo að hann hefði farið yfir umrædd mörk brotaþola, en að það hefði gerst síðar og þá eftir að hann hefði átt í samræðum við brotaþola. Vitnið bar að eftir þetta hefði hann séð ólíkar túlkanir brotaþola og ákærða af hinu ætlaða broti, en þá jafnframt haft af því spurnir að þau hefðu haldið áfram að vera í samskiptum, m.a. kynferðislega. Vitnið vísaði að þessu leyti einnig til áður rakinnar yfirlýsingar ákærða á Instagram, sem hefði birst eftir að tiltekin bæjarskemmtun hafði verið haldin og bar að sögur þessu tengdar hefðu valdið fjaðrafoki í hinu litla samfélagi. Vegna þessa hafi vitnið gefið ákærða það ráð að leita eftir aðstoð.

3. Vitnið E, fæddur árið [...], greindi frá því að hann hefði um árábil verið vinur ákærða og af þeim sökum hefði hann haft kynni af brotaþola. Vitnið kvaðst hafa hlýtt á frásögn ákærða um ætlað kynferðisofbeldi hans gagnvart brotaþola og þá þannig að hann hefði í eitt skipti ruðst að brotaþola þar sem hún hefði verið í sturtu og að við þær aðstæður hefði hann nauðgað henni, og í annað skipti hefði hann brotið gegn henni í svefnherbergi þeirra. Vitnið sagði að hann hefði síðar séð skrif brotaþola á Instagram, í maí 2022 að hann ætlaði, og bar að þar hefði hún komist svo að orði að loksins væri hún „komin frá þessum ofbeldismanni“. Vitnið sagði að skömmu síðar hefði hann séð viðbrögð ákærða á sama vettvangi og bar að ákærði hefði tekið undir ásakanir brotaþola og lýst ábyrgð sinni. Vitnið sagði að hann hefði strax fengið á tilfinninguna að umrædd skrif hefðu ekki verið að frumkvæði ákærða og að brotaþoli hefði þrýst á hann að setja textann á samskiptamiðilinn, að hann myndi þannig viðurkenna háttsemina og að tilgangurinn hefði verið friða ástandið, en einnig til þess að þóknast brotaþola. Vitnið staðhæfði að hann hefði síðar rætt þetta atriði við ákærða og þá heyrt frásögn hans um að þetta hefði raunin, en þá jafnframt að það hefði verið brotaþoli sem hefði samið yfirlýsinguna. Vitnið skýrði frá því að hann hefði átt stutt samskipti við brotaþola á fyrrnefndri bæjarskemmtun og bar að við það tækifæri hefði hann ásakað hana um að svarta mannorð ákærða.

4. Vitnið F, fædd árið [...], skýrði frá því að hún hefði í raun ekkert þekkt til ákærða og brotaþola, en aftur á móti heyrt flökkusögur um að ákærði hefði beitt brotaþola ofbeldi á heimili þeirra. Vitnið kvaðst aldrei hafa rætt málefnið við ákærða, en hitt brotaþola haustið 2022 og sagði að þá hefði hún vikið orðum að því og sagði: „... hún minntist á

eithvað kynferðisofbeldi, sem átti sér stað heima hjá þeim, en sagði ekkert hvernig, og ég veit ekki af hverju hún byrjaði að tala um þetta við mig.“ Vitnið sagði að brotaþoli hefði haft á orði að skilnaður stæði fyrir dyrum.

5. Vitnið G, fædd árið [...], sagði frá því að hún hefði kynnst ákærða í gegnum unnusta sinn, vitnið D, en bar að hún hefði í raun ekkert þekkt til brotaþola. Vitnið sagði að hún hefði haft spurnir af ætluðu kynferðisbroti ákærða gegn brotaþola, en þá aðeins þannig að hún hefði vorið 2022 rætt málefnið við vinkonuna og vitnið F, og þá heyrst að hún hefði hitt brotaþola á „djamminu“ og að brotaþoli hefði þá haft á orði að þetta hefði „eiginlega ekki verið nauðgun“.

## VII.

1. Af hálfu lögreglu og ákærvalds voru við rannsókn málsins, en einnig við meðferð málsins fyrir dómi, lögð fram sérfræðivottorð um brotaþola og ákærða.

2. H, ráðgjafi hjá VIRK starfsendurhæfingu Austurlands, ritaði vottorð um brotaþola, sem dagsett er 24. nóvember 2022. Í vottorðinu segir m.a. að brotaþoli hafi þegið þjónustu hjá VIRK í 11 mánuði og að hún hafi í meðferðinni greint frá því að hún hefði mátt þola heimilisofbeldi af hendi fyrrverandi maka. Segir í vottorðinu að þetta hafi haft mikil áhrif á brotaþola, en af þeim sökum hafi henni verið ráðlagt að leita eftir aðstoð hjá sjálfstæðum hjálparfélögum. Nánar er greint frá því í vottorðinu að brotaþoli hafi lýst því að fyrrverandi maki hennar hefði viðhaft hótanir um sjálfsvíg og að tilefnið hafi verið að hún hefði eigi viljað taka við honum að nýju. Einnig segir í vottorðinu að brotaþoli hafi lýst hræðslu sinni við ákærða en einnig reiði og er staðhæft að ofbeldið hafi haft mikil áhrif á brotaþola, sem hafi leitt til þess að hún hafi einangrað sig á heimili sínu.

3. I, sálfræðingur, ritaði vottorð um brotaþola, sem dagsett er 26. nóvember 2022. Segir þar m.a. að brotaþoli hafi að undirlagi VIRK starfsendurhæfingar þegið sálfræðiþjónustu í gegnum fjarheilbrigðisþjónustu, og að hún hafi í kjölfarið sótt sjö meðferðartíma, á tímabilinu frá 8. mars til 21. maí nefnt ár. Tekið er fram að meðferðarmarkmiðið með brotaþola hafi verið að vinna með áfallastreitueinkenni og vanlíðan hennar, sem hafi verið tilkomið vegna kynferðisbrots fyrrum maka hennar í baðherbergi á heimili þeirra. Nánar segir í vottorðinu: „Lýsingar (brotaþola) um eigin

líðan eftir atburðinn einkenndust af kvíða, ótta, depurð og vonleysi. (Brotapoli) lýsir því að hún hafi orðið vanvirkari og byrjað að einangra sig félagslega, Hún var þreyttari og svaf meira. (Brotapoli) lýsir í sálfræðiviðtali upplifun ótta og óöryggis í samskiptum við fyrrum maka eftir áfallið. Í meðferð lýsir (brotapoli) stífluhugsunum sem hún fékk eftir áfallið, um að heimurinn væri hættulegur og að ekki væri hægt að treysta öðrum. Hún lýsti kvíðaeinkennum og litlu þoli fyrir óvissu. Þetta kom meðal annars fram í því að (brotapoli) hafði áhyggjur af því að eitthvað hræðilegt myndi koma fyrir börnin hennar, t.d. í leik úti eða í sólarlandaferð með föður þeirra og fjölskyldu hans. Einkenni kvíða, depurðar og áfallastreitu fóru minnkandi í meðferð samkvæmt fyrirlögðum spurningalista. Brotapoli lauk ekki fullri meðferð.“

4. J, sálfræðingur, ritaði vottorð um brotápola, sem dagsett er 10. mars 2023. Segir þar m.a. frá því að brotapoli hafi að undirlagi VIRK starfsendurhæfingar sótt viðtöl vegna sálrænnar vanlíðanar og áfalla í tengslum við ætlað ofbeldi og kynferðisbrot, sem hún hefði orðið fyrir af hálfu fyrrverandi eiginmanns síns. Í vottorðinu segir að vegna þessa hafi brotapoli tekið þátt í sex viðtölum í fjarfundarbúnaði, á tímabilinu frá 20. desember 2022 til 9. mars 2023. Tekið er fram að meðferðin hafi tekið mið af frásögn brotápola um ætluð atvik máls, og þá um tvö tilgreind kynferðisbrot, orðum hennar um eigin líðan, en að auki hafi verið unnið út frá stöðluðum sjálfsmatskvarða. Nánar segir um þessi atriði í niðurstöðukafla vottorðsins: „(Brotapoli) hefur virst hreinskilin um upplifun sína og einlæg í frásögn og verið samkvæm sjálfri sér í viðtölum. Hugsun hennar hefur virst skýr og rökræn en vanlíðan og tilfinningalegur dofi verið áberandi. Greindi hún frá andlegu ofbeldi af hálfu fyrrum eiginmanns í þeirra sambandi og einnig að hann hafi í október 2021 og febrúar 2022 beitt hana kynferðisofbeldi. Sálræn einkenni hennar voru í samræmi við einkenni sem eru vel þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og nauðgun, líkamsárás, stórslys eða hamfarir. Atburðurinn og viðbrögð hennar við honum uppfylla viðmið A til greiningar á áfallastreituröskun (e. *Post-traumatic Stress Disorder*, sjá DSM-V og ICD 11). Þau einkenni sem voru að valda brotápola truflun á meðferðartímabilinu voru meðal annars ágengar minningar um meint kynferðisofbeldi sem og sálrænt og lífeðlisfræðilegt uppnám þegar eitthvað minnti á meint kynferðisofbeldi. Hefur hún greint frá endurteknum óvelkomnum minningum um atburðinn, ofurárvekni, neikvæðri sýn á eigin getu og svefn- og einbeitingarörðugleikum. Forðun og sjálfsásökun hefur verið greinileg og svo virðist sem traust hennar og öryggi

í daglegu lífi hafi beðið hnekki. Hún hefur á meðferðartímabilinu greint frá alvarlegu þunglyndi og kvíða. Í ljósi sálrænna einkenna (brotapola) var EMDR meðferð, sem er gagnreynd meðferð notuð í viðtölum. (Brotapoli) hefur sýnt skýran vilja til þess að vinna með líðan sína og mætt vel á meðferðartímabilinu. Áframhaldandi viðtöl fyrirhuguð og á hún næst bókað viðtal ... 20. mars næstkomandi.“

5. Samkvæmt bréfi L, sálfræðings, dagsettu 1. desember 2022, hóf ákærði að eigin frumkvæði sálfræðimeðferð í febrúar 2022. Tekið er fram að við ritun bréfsins hafi ákærði sótt 18 meðferðartíma, að hann hafi mætt vel og hafi því sinnt meðferðinni af kostgæfni, en að henni hafi ekki verið lokið við ritun bréfsins.

## VIII.

1. Vitnið H, iðjuþjálfari og ráðgjafi hjá VIRK starfsendurhæfingu, kom fyrir dóminn og staðfesti og skýrði áður rakið sérfræðivottorð um brotapolu. Vitnið sagði að meðferðin hefði hafist í júní 2022 og bar að meginmarkmiðið hefði verið að koma brotapolu á ný á vinnumarkaðinn. Vitnið sagði ástand brotapolu hefði farið batnandi með tímanum, og að hún hefði m.a. hafið atvinnuþátttöku á nýjan leik.

2. Vitnið I, sálfræðingur, kom fyrir dóminn og staðfesti og skýrði áður rakið sérfræðivottorð um brotapolu. Vitnið sagði að meðferð brotapolu hefði falist í því að vinna með sálfræðileg einkenni. Vitnið sagði að brotapoli hefði verið með skýr áfallastreitueinkenni, en að ekki hefði komið fram hvað hefði verið orsök þeirra. Engu að síður kvaðst vitnið hafa hlýtt á orð brotapolu um kynferðislegt ofbeldi af hálfu maka, og að hún óttaðist hann. Vitnið sagði að depurð og kvíði hefði einnig hrjáð brotapolu.

3. Vitnið J, sálfræðingur, kom fyrir dóminn og staðfesti og skýrði áður rakið sérfræðivottorð um brotapolu. Vitnið sagði að meðferð brotapolu hefði falist í áfallameðferð og bar að hún hefði lýst sambandi sínu við ákærða og þar á meðal að hann hefði reiðst auðveldlega, og verið ógnandi í hennar garð, en að auki gert lítið úr tilfinningum hennar og þá viðhaft einhvers konar andlegt ofbeldi. Vitnið kvaðst hafa skilið orð brotapolu þannig að samband brotapolu og ákærða hefði versnað eftir giftingu þeirra og þá þannig að ákærði hefi verið ráðandi, þ. á m. um kynlífið. Vitnið sagði að brotapoli hefði lýst því að ákærði hefði í tvígang brotið gegn henni kynferðislega, annars

vegar í október 2021 og hins vegar í febrúar 2022. Vitnið sagði að brotaþoli hefði lýst fyrra brotinu þannig að henni hefði fundist sem ákærði hefði verið ógnandi þegar hann hefði komið í sturtuna til hennar og að hún hefði við þær aðstæður alveg frosið og snúið sér undan og farið að gráta, en hann þá nauðgað henni. Þá hefði hún á verknaðarstundu algjörlega verið dofin og ekki getað gert neitt, sagt eða streist á móti. Vitnið sagði að frásögn brotaþola um síðara brotið hefði verið á þá leið að það hefði gerst í rúmi þar sem dóttir hennar hefði verið fyrir, sofandi við hlið hennar, að hún hefði vaknað við að ákærði hefði verið búinn að stinga fingrum sínum í leggöng hennar, en hún þá frosið og að ákærði hefði í framhaldi af því nauðgað henni. Vitnið sagði að einkenni brotaþola hefðu uppfyllt greiningarskilmerki fyrir áfallastreitu og þá út frá hinu ætlað broti í sturtunni. Vitnið sagði að brotaþoli hefði ekki gengist undir formlegt greiningarviðtal, en í þess stað fyllt út einkennalista. Vitnið lýsti nefndum einkennum brotaþola í samræmi við áður rakið vottorð. Vitnið staðhæfði að brotaþoli hefði í meðferðinni verið samkvæm sjálfri sér og bar að fyrrnefndur listi hefði einnig verið í samræmi við lýsingar hennar. Vitnið sagði að sams konar einkennalisti hefði ekki verið gerður um hið ætlaða atvik í febrúarmánuði 2022.

Vitnið skýrði frá því að í upphafi meðferðar hefði brotaþoli verið mjög kvíðin og m.a. verið með sjálfsásakanir, og bar að hún hefði haft orð á því að hún hefði einangrað sig og enn fremur að hún hefði fallið út af vinnumarkaðnum.

Vitnið skýrði frá því að brotaþoli hefði greint frá því að í fyrri sambúð hefði hún þurft að þola andlegt ofbeldi, en bar að ekki hefði verið gerð mismunagreining á hinum fyrri áföllum hennar og hinu ætlaða athæfi ákærða. Vitnið lét það álit í ljós að brotaþoli þyrfti enn á meðferðinni að halda, en bar að ástand hennar hefði með tímanum farið batnandi. Vísaði vitnið m.a. til þess að heilmikil framför hefði orðið á þegar hún hefði hafið atvinnuþátttöku á nýjan leik.

4. Vitnið L, sálfræðingur, staðfesti efni og ritun áður nefnds bréfs, en bar að ákærði hefði sótt meðferð í 14 tíma frá febrúar 2022 og væri meðferð hans ekki formlega lokið.

Vitnið skýrði frá því að ákærði hefði í fyrsta viðtalinu skýrt frá því að hann hefði af hálfu brotaþola verið sakaður um kynferðislegt ofbeldi, en að því til viðbótar hefði hún sakað hann um andlegt ofbeldi. Vitnið sagði að þessar ásakanir hefðu legið til grundvallar hinna sálfræðilegu viðtalsmeðferð og þá þannig að ákærði hefði haft vilja til þess að bera ábyrgð á því sem hann hefði sannanlega gert rangt. Vitnið sagði að ákærði

hefði viljað ræða nefnd atriði og þá hvort um raunverulegt ofbeldi hefði verið að ræða af hans hálfu eða ekki. Vitnið bar að það hefði komið fram hjá ákærða að það hefði verið upplifun hans að ekki hefði verið um kynferðisofbeldi að ræða á þeim tíma þegar atvik máls gerðust, a.m.k. hefði hann ekki áttað sig á því að sú hefði verið raunin. Nánar aðspurð og þá í ljósi þess að ákærði hefði á fyrri stigum viðurkennt ofbeldi og þá hvort hann hefði gert það til þess að ná sáttum við brotþola eða að þóknast henni sagði vitnið að ákærði hefði velt þessum atriðum mikið fyrir sér og þá hvernig atvik máls hefðu verið í raun. Vitnið sagði að ákærði hefði lýst því að hann hefði „tendens“ til þess að játa og gangast við háttseminni til þess að hafa brotþola góða, en að hann hefði eftir á að hyggja séð að það hefði e.t.v. ekki verið alveg sanngjarnt. Vitnið staðhæfði að nefnd atriði hefðu ekki verið aðalatriðið í viðtalsmeðferð ákærða og sagði að það hefði verið eitt af markmiðum hans að standa sig, að verða betri einstaklingur og að reyna þannig að gera brotþola til geðs. Vitnið sagði að þegar liðið hefði á hefði meðferðin gengið út á að hjálpa ákærða að slíta samskiptunum við brotþola, enda hefði það verið vilji hans, þar sem hún hefði verið búin að biðja um skilnað, þó svo að hún hefði einnig verið með misvísandi skilaboð gagnvart ákærða. Vitnið sagði að ætluð kynlífsfíkn ákærða hefði ekki komið til tals í meðferðinni og lét vitnið það álit í ljós að ekkert hefði bent til slíks.

5. Vitnið K, rannsóknarlögreglumaður nr. [...], staðfesti fyrir dómi efni áður rakinna rannsóknargagna. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa litið svo á að ákærði hefði við yfirheyrslu lögreglu haft vilja til þess að þóknast brotþola og vísaði til þess að hann hefði virst einlægur í frásögn sinni.

## IX.

### Niðurstaða.

1. Í máli þessu er ákærða gefið að sök í ákæru héraðssaksóknara kynferðisbrot og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa tvívegis brotið gegn þáverandi eiginkonu sinni, B, í húsakynnum þeirra og heimili, í október 2021 og hinn 9. febrúar 2022, eins og nánar er lýst í 1. og 2. kafla ákæru.

2. Af hálfu ákæruvalds er saksóknin byggð á rannsóknargögnum lögreglu og þá ekki síst á frásögn brotþola við alla meðferð málsins. Af hálfu ákæruvalds er einnig byggt á

frásögn ákærða hjá lögreglu, rafrænum gögnum, vitnisburðum að nokkru og loks á fram-  
lögðum skýrslum sérfróðra aðila og vitnisburðum þeirra fyrir dómi.

Ákærði hefur neitað sök fyrir dómi og krefst þess aðallega að hann verði sýknaður. Ákærði reisir sýknukröfu sína m.a. á því að frásögn hans hjá lögreglu hafi í ljósi aðstæðna, náinna tengsla hans við brotþola og þeirra skilyrða sem hún hafi sett honum að hluta til eigi verið sannleikanum samkvæm, enda hafi skýrslan að nokkru aðeins verið endurómur og endursögn af orðum brotþola. Er á því byggt að skýringar ákærða á hinum breytta framburði hans fyrir dómi séu í ljósi atvika trúverðugar. Ákærði byggir á því að hann hafi ekki haft ásetning til þess að brjóta gegn brotþola, hvort sem um hafi verið að ræða atvik samkvæmt 1. eða 2. kafla ákæru. Þá er á því byggt að í raun hnekkir engin sýnileg sönnunargögn eða vitnisburðir frásögn ákærða.

3. Í ákæru er brot ákærða samkvæmt 1. kafla talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða samkvæmt 2. kafla ákæru er talið varða við 2. mgr. 194. gr. sömu laga. Þá eru bæði brotin talin varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b hegningarlaganna.

Ákvæði 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. breytingarlaga nr. 16/2018, hljóðar svo:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Ákvæði 2. mgr. 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. breytingarlaga nr. 61/2007, hljóðar svo:

„Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að beita blekkingum eða notfæra sér villu viðkomandi um aðstæður eða að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.“

Ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. breytingarlaga nr. 23/2016, hljóðar svo:

„Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Þá hljóðar 2. mgr. síðast greinda lagaákvæðisins svo:

„Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á gróf-leika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.“

## X.

1. Af rannsóknargögnum lögreglu og því sem fram hefur komið fyrir dómi verður ráðið að breyting hafi orðið á samvistum ákærða og brotþola skömmu eftir að þau gengu í hjúskap síðla sumars 2021. Þau hafa bæði greint frá því að um og upp úr miðjum október nefnt ár hafi komið til togstreitu og rifrildis með þeim, sem m.a. hafi átt rót sína að rekja til helgarferðalags ákærða með vinum sínum, en að einnig hafi spilað þar inn í víðtækar sóttvarnaráðstafanir hérlendis vegna þess heimsfaraldurs, sem þá herjaði á landsmenn. Liggur fyrir að þessar orðahnippingar héldu áfram á meðan á ferðalagi ákærða stóð, í netsamskiptum þeirra í millum, en einnig eftir heimkomu ákærða. Við meðferð málsins hefur brotþoli greint frá því að orsök þessara deilna og ástands hafi í raun aðallega mátt rekja til kynferðisbrots sem ákærði hafði drýgt gegn henni um tveimur til þremur vikum fyrr, sbr. sakarefni 1. kafla ákæru.

Samkvæmt því sem fram er komið lýsti brotþoli í fyrsta skiptið í þeim orðahnippingum og deilum sem hún átti í við ákærða eftir heimkomu hans eftir fyrrgreint ferðalag að hann hefði brotið gegn henni kynferðislega í sturtuklefa á heimili þeirra um tveimur til þremur vikum fyrr. Samkvæmt framburði brotþola, sem er í samræmi við framburð ákærða, við meðferð málsins, neitaði ákærði þegar í stað ásökun brotþola, og verður ráðið að í framhaldi af því hafi verið fátta með þeim um skeið og að ákærði hafi loks flutt af heimilinu. Er þetta gerðist voru ákærði og brotþoli bæði í launavinnu, en brotþoli hætti atvinnuþátttöku sinni í lok nefnds árs, tímabundið.

Ákærði fluttist af heimili sínu og brotþola þann 31. desember 2021 og verður ekki annað ráðið en að framanlýst ástand hafi einkum ráðið því. Hélt ákærði eftir það til á heimili ættingja sinna í nágrannasveitarfélagi, en brotþoli var áfram búsett í þeirri húseign sem hún hafði keypt ásamt ákærða, og þá ásamt tveimur ungum börnum sínum.

Óumdeilt er að þrátt fyrir ofangreind umskipti hafi ákærði að nokkru haldið áfram samskiptum sínum við brotþola og stjúpbörn sín fyrri hluta ársins 2022. Var hann þannig á heimili fjölskyldunnar með „annan fótinn“ og gisti þar stundum, en fyrir liggur að við slíkar aðstæður hafi samskipti ákærða og brotþola a.m.k. á köflum verið nán og kynferðisleg. Því til viðbótar hafi ákærði sinnt stjúpbörnum sínum á heimilinu, þ. á m. þegar brotþoli þurfti á því að halda, m.a. vegna helgarferðalags. Óumdeilt er að kært var með ákærða og börnunum.

Ráðið verður af framburði ákærða og brotþola að ekki hafi dregið sérstaklega úr samskiptum þeirra eftir að brotþoli hafði gefið hina formlegu kæruskýrslu hjá lögreglu, þann 28. febrúar 2022, eftir lögskilnað þeirra í marsmánuði eða eftir að ákærði hafði verið yfirheyrður um kæruefnið hjá lögreglu. Er ágreiningslaust að þau fóru saman í helgarferð eftir lýsta atburði, og hafi þá m.a. átt í kynferðislegum samskiptum.

2. Óumdeilt er að öllum þessum samskiptum ákærða og brotþola hafi endanlega lokið síðla sumars 2022.

## XI.

1. Að því er varðar sakarefni 1. kafla ákæru ber brotþola og ákærða saman um að þau hafi verið ein á heimili sínu um mánaðamótin september/október 2021, að líkindum á sunnudegi, og hafi haft það náðugt, m.a. við sjónvarpsáhorf í stofunni, en að ákærði hafi við þær aðstæður m.a. leitað eftir kynlífi. Brotþoli staðhæfir að ákærði hafi í raun verið með stöðugt „suð“ að þessu leyti. Hún hefur og borið að ákærði hafi áður tíðkað slíka hegðun gagnvart henni, og hún þá oft látið undan honum.

Brotþola og ákærða ber saman um að þá um kvöldið, þegar þau hafi verið búin að koma sér fyrir í rúminu í hjónaherberginu, hafi ákærði enn leitað eftir kynlífi, en hún líkt og fyrr um daginn með skýrum hætti hafnað því, enda ekki verið í skapi til slíkrar háttsemi. Fyrir dómi hefur brotþoli staðhæft að ákærði hafi að auki káfað á henni, og þar sem henni hafi fundist aðstæðurnar óþægilegar hafi hún farið úr rúminu, lagt leið sína

inn á baðherbergið, farið inn í sturtuklefan og í framhaldi af því þvegið sér undir sturtunni.

Frásögn ákærða og brotaþola við meðferð málsins hefur verið allskilmerkileg, líkt og ítarlega hefur verið gerð grein fyrir í köflum III og V hér að framan, en nokkur áherslumunur hefur þó verið þar á. Hefur ákærði fyrir dómi m.a. borið að hann hafi tekið neitun brotaþola um kynlíf í svefnherberginu vel og því ráðgert að fara að sofa. Að þessu leyti dró ákærði nokkuð úr eigin frásögn miðað við þá skýrslu sem hann hafði áður gefið hjá lögreglu þar sem hann hafði orð á að hann hefði veitt því eftirtekt að brotaþola hefði liðið „eitthvað illa“. Þá skýrði ákærði gjörðir sínar þegar hann afréð að fara á eftir brotaþola inn á baðherbergið á þá leið að honum hefði mislíkað hegðun hennar og þögn og af þeim sökum hefði hann ráðgert að fá nánari skýringar hjá henni, enda hefðu þau áður rætt álíka viðbrögð hennar.

Við meðferð málsins hefur brotaþoli staðhæft að hún hafi hafnað beiðni ákærða eftir að hann hafði fylgt henni eftir inn í baðherbergið, þ.e. þegar hann spurði hvort hann mætti koma til hennar í sturtuklefan. Við það tækifæri hafi hún haft á orði að hún hefði í hyggju að þvo á sér hárið og vildi því vera ein og í friði. Fyrir dómi sagði brotaþoli í fyrstu að ákærði hefði eigi heyrt hin síðustu orð hennar, en ítrekað aðspurð staðhæfði hún að ákærði hefði örugglega heyrt neitun hennar og vísaði til þess að hún hefði verið ákveðin í afstöðu sinni.

Fyrir dómi hefur ákærði borið um að hann minntist þess ekki að brotaþoli hefði andmælt gjörðum hans í greint sinn og þá ekki þegar hann hefði farið inn í sturtuklefan til hennar. Að þessu leyti var frásögn ákærða ólík þeirri frásögn sem hann hafði áður gefið hjá lögreglu. Í því samhengi hefur ákærði staðhæft að þau hafi oft verið saman í sturtunni og m.a. stundað þar kynlíf. Hann hafi því á verknaðarstundu eigi litið svo á að hann hefði með gjörðum sínum farið gegn vilja brotaþola. Frásögn brotaþola hefur að þessu leyti að nokkru verið samhljóða framburði ákærða, þ.e. að þau hefðu stundað kynlíf í sturtu. Þá bar hún að ákærði hefði í samlífi þeirra fram til þessa atviks aldrei hótad henni eða beitt hana ofbeldi.

Við meðferð málsins hefur brotaþoli borið að hún hafi fylgst með því þegar ákærði klæddi sig úr fötonum áður en hann lagði leið sína til hennar í sturtuklefan og staðhæfði að á þeirri stundu hefði hún gert sér grein fyrir tilgangi hans. Af þeim sökum og vegna aðstæðna hefði hún stirðnað upp. Brotaþoli hefur skýrt frá því að þegar þetta gerðist hefði hún snúið baki sínu að ákærða og grátíð, en ekki verið háskælandi, og sagði

að ákærði hefði ekki veitt þessu ástandi hennar athygli. Brotapoli hefur jafnframt greint frá því að eftir að ákærði var kominn inn í sturtuklefan hefði hann káfað víðs vegar á líkama hennar en síðan haft við hana samræði, án hennar samþykkis. Brotapoli lýsti aðstæðum nánar þannig að þau hefðu bæði staðið í fætur, en að auki bæði verið með hálfboginn líkamann. Hún minntist þess ekki að hafa andmælt með beinum orðum athæfi ákærða í sturtunni, en staðhæfði að hann hefði fyrir þennan atburð farið yfir hennar mörk í kynlífi, en þó aldrei eins harkalega og í greint sinn.

Líkt og fram er komið hefur ákærði skýrt frá því við yfirheyrslu hjá lögreglu að í sturtunni hefði hann strokið brotapola um axlir, en í framhaldi af því haft mök við hana. Hann hafi ekki séð brotapola gráta, en veitt því eftirtekt að hún hafi verið þögul og „augljóslega ekki“ viljað hafa við hann mök. Nánar aðspurður hjá lögreglu staðhæfði ákærði að á verknaðarstundu hefði hann ekki gert sér grein fyrir því að hann hefði með gjörðum sínum í sturtunni brotið gegn brotapola. Hann hafði aftur á móti á orði að eftir mökin hefði hann verið með „óþægilega tilfinningu,“ en hafði á því nánari skýringu fyrir dómi, líkt og áður hefur verið rakið.

Fyrir dómi hefur ákærði lýst atvikum máls í sturtunni með ítarlegri hætti. Hann staðfesti m.a. að brotapoli hefði verið þögul, að hún hefði snúið bakinu að honum og sýnt takmörkuð viðbrögð við atlotum hans. Þá áréttaði ákærði hinn fyrri framburð hjá lögreglu, að á verknaðarstundu hefði hann litið svo á að brotapoli hefði tekið vel hinum kynferðislegu atlotum hans og að hún hefði þannig verið samþykk því að hafa við hann mök.

Ákærði hefur vísað til þess að viðvera hans í sturtunni með brotapola hafi varað í um 15 mínútur og að hún hafi við þær aðstæður ítrekað haft á orði að „allt væri í lagi“. Þá hafi hann eftir kynmökin farið að sofa í svefnherberginu, ásamt brotapola.

Brotapoli hefur við meðferð málsins greint frá því að eftir samræðið hafi ákærði kysst hana á kinnina, en þau í framhaldi af því bæði þrifið upp bleytu á baðherbergisgólfinu. Hún hefur og borið að eftir þrifið hafi þau bæði farið á ný til svefnherbergisins, en þá án þess að mæla orð frá vörum.

Við meðferð málsins hefur brotapoli greint frá því að í tengslum við fyrrgreint helgarferðalag ákærða með vinum sínum og vegna þess ágreinings sem þá varð með þeim, m.a. í rafrænum samskiptum, hefði hún farið að gaumgæfa alvarleika athæfis hans í sturtunni. Verður ráðið af framburði brotapola að jafnframt þessu hafi hún farið að

hugleiða nánar eigið samlífi með ákærða, en í því sambandi hefur hún nefnt að ákærði hafi eigi virt tilfinningar hennar og skoðanir og verið ráðandi í því tilliti.

Eins og hér að framan hefur verið rakið skýrði brotþoli ákærða frá líðan sinni eftir heimkomu hans úr helgarferðarlaginu og að við það tækifæri hafi hún í fyrsta skiptið ásakað hann um að hafa nauðgað henni í sturtunni um tveimur til þremur vikum fyrr. Við meðferð málsins hefur brotþoli borið að ákærði hafi strax neitað ásökuninni, en að auki sýnt reiðiviðbrögð. Hún hafi brugðist við á þann hátt að ræða málefnið ekki frekar að sinni, en jafnframt forðast að eiga í samskiptum við hann.

Við meðferð málsins, hjá lögreglu og fyrir dómi, hefur frásögn ákærða verið samhljóða framburði brotþola um að í kjölfar tilfinningaríkra viðbragða brotþola eftir helgarferðalag hans hafi hann í fyrsta skiptið heyrt ásökun hennar um að hann hefði nauðgað henni í sturtunni. Ákærði áréttaði að hann hefði þá strax neitað þeirri ásökun, enda hefði minning hans og upplifun um þau samskipti þeirra ekki verið þess eðlis. Fyrir dómi hefur ákærði að þessu leyti einnig vísað til efnisatriða í áður röktum netsamskiptum og eigin yfirheyrslu hjá lögreglu, en jafnframt borið að hann hafi þá játað að hafa brotið gegn brotþola. Um skýringu á eigin orðum að þessu leyti hefur ákærði einkum bent á að eftir brottför hans af heimilinu í lok ársins 2021 og eftir þá erfiðleika og samskiptaleysi við brotþola því tengdu hafi samskipti þeirra á fyrri hluta ársins 2022 verið á batavegi. Þá hafi hann á þessu tímasteiði haft fullan vilja til þess að hefja sambúð með brotþola á nýjan leik. Hann hafi verið með skýr markmið að því leyti og m.a. haft vilja til þess að hlíta skilyrðum brotþola. Hann hafi því viljað þóknast brotþola og viðurkenna upplifun hennar af samskiptum þeirra í sturtunni haustið 2021, en þó án þess að taka á sig eiginlega sök.

2. Fyrir liggur að brotþoli skýrði vinkonu sinni, vitninu C, frá ætlaðri refsiverðri háttsemi ákærða í sturtunni rúmum þremur mánuðum eftir hið ætlaða brot, þ.e. í janúar 2022. Samkvæmt vætti vitnisins hafði það um tveimur mánuðum fyrr veitt því athygli að framkoma og geðslag brotþola hafði breyst til hins verra. Vitnið skýrði frá því að brotþoli hefði m.a. verið miður sín vegna hins ætlaða brots og framkomu ákærða.

Fyrir liggur að ákærði leitað til nafngreindra vitna, sem eru vinir hans, fyrri hluta ársins 2022, vegna þeirra ásakana sem á hann höfðu verið bornar, sbr. það sem rakið hefur verið í VI. kafla hér að framan.

3. Samkvæmt gögnum leitaði brotapolí eftir sálfræðiaðstoð á vormánuðum 2022, en fékk að auki aðstoð hjá VIRK starfsendurhæfingu í júnímánuði sama ár, og hefur hún hafið atvinnuþátttöku á nýjan leik. Fyrir liggur að brotapolí hefur að undanfögnu þegið viðvarandi sálfræðiaðstoð, sem hófst í lok ársins 2022.

Samkvæmt gögnum leitaði ákærði fyrst eftir sálfræðiaðstoð í febrúar 2022, sem enn stendur yfir.

Efni framlagðra sérfræðigagna hafa verið staðfest fyrir dómi, sbr. það sem rakið hefur verið hér að framan í köflum VII og VIII.

4. Í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar segir að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. að því leyti ákvæði 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Í 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir m.a. að sönnunarbyrðin um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvíli á ákærvaldinu og er dómi skylt að meta hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg gögn. Þá er í 2. mgr. 109. gr. laganna mælt fyrir um að dómur meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal, en ályktanir megi leiða af um það. Í þessu viðfangi ber einnig að líta til annarra atriða og þá m.a. að því er varðar sönnunargildi vitnisburðar, en þar ber að lögum, sbr. ákvæði 126. gr. laga nr. 88/2008, að huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotapola. Loks ber í dómi að meta við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans. Í því sambandi skal m.a. hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans, sbr. ákvæði 1. mgr. 115. gr. nefndra laga.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. nefndra laga, nr. 88/2008, skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, en þó ber að skoða málsmeðferðina í heild og þá hvort réttindi vitna og ákærða hafi verið nægjanlega tryggð.

5. Í ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, einkum lögum nr. 61/2007 og 16/2018, er kveðið á um refsinemi nauðgunar. Með

ákvæðinu hefur löggjafinn lagt áherslu á að reyna að tryggja að friðhelgi, sjálfs-ákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings sé virt og þá þannig að við kynmök liggi samþykki viðkomandi ávallt fyrir. Er samþykki þannig í forgrunni skilgreiningar á nauðgun. Hver einstaklingur hefur þannig frelsi til að ákveða að hafa samræði eða önnur kynferðismök en jafnframt rétt til þess að hafna þátttöku í kynferðislegum athöfnum. Með nauðgun er því brotið gegn kynfrelsi einstaklings þar sem hann hefur ekki veitt samþykki sitt fyrir samræði eða öðrum kynferðismökum. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að lögunum nr. 16/2018 er m.a. vísað til rannsókna og tekið fram að þekkt sé að þolendur nauðgana geti ekki veitt geranda mótspyrnu, t.d. vegna þess að þeir frjósa eða lamast af hræðslu. Vegna þess sé óalgengt að þolendur beri mikla líkamlega áverka eftir brot. Að þessu leyti er m.a. vísað til skýrleika refsheimilda og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Tekið er fram í frumvarpinu að hin breytta skilgreining á nauðgun breyti því ekki að sönnunarstaða í kynferðisbrotamálum verði alltaf þung, enda erfitt að færa sönnur á svo huglægt atriði sem samþykki eða skortur á því er. Slík sönnun muni væntanlega einnig og ekki síst snúast um þolandann, þ.e. hvað hann lét í ljós eða gaf til kynna. Aðaláherslan yrði þannig á það atriði hvort samræði eða kynferðismök hefðu farið fram með vilja og samþykki þátttakenda. Þannig teldist samþykki liggja fyrir ef það væri tjáð af frjálsum vilja, en eigi ef það væri m.a. fengið með ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumatri nauðung.

Um nánari skýringu á hugtakinu samþykki segir enn fremur í 1. gr. frumvarpsins sem varð að lögunum nr. 16/2018: „Hvað varðar hugtakið ... er ljóst að samþykki til þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum verður að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýðir að gefa þarf samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Ekki verður gerð krafa um að þátttakandi mótmæli eða sýni móttöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn. Þá getur algert athafnaleysi ekki verið túlkað sem vilji til þátttöku.

Samþykki fyrir þátttöku í samræði eða öðrum kynferðismökum afmarkast við það tiltekna tilvik og við þær kynferðislegu athafnir sem samþykkið nær til. Af kynfrelsi leiðir að eðlilegt er að þátttakandi í kynferðislegri athöfn geti hvenær sem er skipt um skoðun um þátttöku sína. Slík skoðanaskipti verður að tjá með orðum eða annarri tjáningu þannig að annar eða aðrir þátttakendur verði þessi áskynja.“

Í nefndu frumvarpi er tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir að breyta huglægum skilyrðum nauðgunarbrot, en um það atriði segir nánar: „Þannig verður ásetningur

áfram saknæmisskilyrði skv. 1. mgr. 194. gr., sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. ... og því verður nauðgun ekki refsivert brot nema hún sé framin af ásetningi. Af þessu leiðir að ásetningur verður að taka til allra efnisþátta 1. mgr. 194. gr., þ.e. að fram fari samræði eða önnur kynmök þrátt fyrir að það sé gert án vilja þolanda þar sem samþykki hans er ekki fyrir hendi. Gerandi verður þannig að gera sér grein fyrir að þolandi vilji ekki hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök.“

6. Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist í húsakynnum þeirra í greint sinn og stendur þar að nokkru orð gegn orði að því er varðar sakaratriði þessa ákærukafla. Eins og að framan er rakið hefur ákærði neitað sakarefninu fyrir dómi, en eins og fyrr greinir breytti hann að því leyti að nokkru frásögn sinni miðað við þá skýrslu sem hann hafði áður gefið hjá lögreglu og þá um atvik sem gerst höfðu um sjö mánuðum áður. Ákærði hefur teflt fram fyrrgreindum skýringum á hinum breytta framburði sínum. Þrátt fyrir að þetta veiki að áliti dómsins trúverðugleika hans þykir ekki unnt að líta framhjá skýringum hans, m.a. í ljósi hinna nánú samskipta sem á ný komust á með honum og brotþola eftir að rof hafði orðið þar í skamman tíma í lok ársins 2021, sbr. það sem rakið var í kafla XI, lið 1. hér að framan. Verður í því viðfangi einnig litið til frásagnar ákærða og brotþola fyrir dómi, ásamt efni þeirra rafrænu samskipta sem þau áttu í, um að þau myndu taka upp samvistir að nýju, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þá er til þess að líta að ákærði naut eigi aðstoðar tilnefnds verjanda við lögregluyfirheyrsluna.

Brotþoli hefur að mati dómsins í aðalatriðum verið stöðug í framburði sínum við alla meðferð málsins. Að áliti dómsins breytir það eigi trúverðugleika hennar að hún hafi í fyrstu aðspurð fyrir dómi borið um að ákærði hefði eigi heyrt neitun hennar þegar hann baðst leyfis um að koma til hennar í sturtuklefanum. Brotþoli leiðrétti þennan framburð sinn ítrekað aðspurð og staðfesti að því leyti kæruskýrslu sína hjá lögreglu um að hún hefði neitað þessari bón ákærða. Á hinn bóginn verður lagt til grundvallar að brotþoli hafi í sturtuklefanum með ákærða verið harla þögul. Þá hefur brotþoli borið að hún hafi aldrei andmælt gjörðum ákærða þegar hann viðhafði fyrrgreind atlot eða káf og hafði í framhaldi af því mök við hana. Hún hefur á hinn bóginn gefið þá staðföstu skýringu að hún hafi á verknaðarstundu verið miður sín og því eigi verið í andlegu ástandi til þess að andmæla gjörðum ákærða í greint sinn. Ákærði hefur aftur á móti staðhæft að brotþoli hafi ítrekað haft á orði að allt væri í lagi þegar atvik máls gerðust, en jafnframt

hefur hann fullyrt að hann hafi aldrei séð eða heyrt brotþola gráta. Hefur hið síðar greinda atriði stöð í frásögn brotþola fyrir dómi.

Ágreiningslaust er að ákærði og brotþoli fóru í kjölfar þeirra samskipta sem þau áttu í á baðherberginu inn í hjónaherbergi heimilis þeirra. Brotþoli hefur að auki nefnt að áður en þau lögðust til hvílu hafi þau þrifið í sameiningu upp vatn af baðherbergisgólfinu, en ákærði hefur þó verið óskýr um það atriði.

Engra vitna eða sýnilegra gagna nýtur við í máli þessu, en brotþoli hefur heldur ekki vikið að því að hún hafi orðið fyrir líkamsmeiðingum vegna háttsemi ákærða á heimili þeirra í byrjun október 2021. Brotþoli skýrði hins vegar vinkonu sinni, vitninu c, í janúarmánuði 2022, frá atvikum máls, um þremur mánuðum eftir hið ætlaða brot. Styður þetta að mati dómsins frásögn brotþola en einnig fyrrgreindar skýrslur þeirra sérfróðu aðila sem síðar komu að máli hennar. Vegur þar þyngst hin staðfesta skýrsla J sálfræðings þar sem því er lýst að þrátt fyrir að brotþoli hafi eigi gengist undir formlegt greiningarviðtal hafi hún fyllt út einkennalista þar sem fram hafi komið þekkt viðmið um áfallastreitu.

Eins og áður hefur verið rakið greindi brotþoli ákærða í fyrsta skiptið frá hinu ætlaða kynferðisbroti hans í sturtuklefanum um tveimur til þremur vikum eftir marglýst samskipti. Óumdeilt er að brotþoli lét orð sín og ásökunina falla í tengslum við ágreining um annað mikilsvert atriði í lífi þeirra, en eigi verður efast um upplifun hennar af hinu ætlaða broti ákærða og þá í ljósi áður rakinna sérfræðigagna. Samkvæmt samhljóða framburði brotþola og ákærða neitaði hann strax í upphafi ásökuninni um kynferðisbrot.

7. Þegar framangreint er virt heildstætt þykir að áliti dómsins varhugavert að telja að sýnt hafi verið fram á að framburður brotþola hafi nægjanlega stöð í framlögðum gögnum þannig að því verði slegið föstu, gegn neitun ákærða, að ákærvaldið hafi sannað svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ásetningur hans hafi staðið til þess að ná fram kynferðismökum við brotþola án samþykkis hennar, og þá í kjölfar þeirra samskipta sem með þeim höfðu verið skömmu áður en til þeirra kom. Eigi er heimilt að refsa fyrir gáleysisbrot samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga. Ber að þessu virtu að sýkna ákærða af sakargiftum 1. kafla ákærunnar.

## XII.

1. Að því er varðar sakarefni 2. kafla ákæru ber brotþola og ákærða saman um að þau hafi verið í húsakynnum þeirra, aðfaranótt 9. febrúar 2022, ásamt dóttur brotþola. Af frásögn þeirra verður ráðið að á þessu tímasteiði hafi samskiptin verið orðin tíðari og nánari en þegar ákærði hvarf af heimilinu í lok árs 2021. Hafi ákærði þannig verið farinn að gista stöku sinnum og að þá hafi komið til þess að þau hafi stundað kynmök.

Brotþola og ákærða ber saman um að dóttir brotþola hafi í umrætt sinn sofið hjá þeim í hjónarúminu, en áherslumunur er með þeim um komu hennar og nánari staðsetningu, en að auki um hvort tiltekin samskipti þeirra í milli hafi farið fram, sem varða sakaratriði þessa ákærukafla. Aftur á móti eru þau einhuga um að myrkur hafi verið í svefnherberginu þegar atvik máls gerðust.

2. Ákærði hefur fyrir dómi neitað sök að því er varðar sakarefni ákærukaflans. Ákærði hefur borið að hann hafi komið fremur seint um kvöldið á heimilið vegna anna við vinnu. Ákærði hefur jafnframt staðhæft að þau, þ.e. hann og brotþoli, hafi látið innilega hvort að öðru eftir að þau höfðu komið sér fyrir í hjónarúminu, rétt um miðnættið. Þau hafi faðmast, og hann haldið utan um brotþola, en að bæði hafi verið þreytt. Fyrir dómi dró ákærði þann framburð sinn til baka, sem hann hafði haft uppi hjá lögreglu, að hann hefði við nefndar aðstæður heyrt svefnhljóð, hrotur, í brotþola, og sagði að þar hefði hann farið með rangt mál. Aftur á móti hefði hann heyrt brotþola stynja og að hann hefði þá mælt til hennar, en hún svarað með því að stynja og nudda sér að honum, en síðan hefði hún fært sig yfir á bakið. Við þessar aðstæður hefði hann farið með hönd sína á kynfærasvæði brotþola og nuddað, en hún þá í skyndingu risið upp og spurt hvort hann hefði verið að snerta sig. Hann hefði svarað því játandi, en verið brugðið, enda talið að brotþoli hefði verið vakandi þegar hann hefði viðhaft umrædda snertingu og að hún hefði verið samþykkt gjörðum hans. Í því samhengi hafði ákærði á orði að aðeins hefðu liðið um tvær mínútur frá því að hann talaði til brotþola þar til hann viðhafði snertinguna.

Ákærði hefur staðhæft að á verknaðarstundu hafi hann ekki veitt því eftirtekt að brotþoli hafði sofnað og því hefði hann beðið hana afsökunar þegar hann hefði skynjað annað og þá vegna síðari viðbragða hennar. Hann hefði því ekki haft ásetning til þess að brjóta gegn brotþola og þá eftir allt það sem á undan hefði gengið í samlífi þeirra.

Ákærði hefur borið um að nær strax eftir framangreind samskipti hafi brotþoli farið fram á að þau stunduðu kynlíf. Hann hafi samþykkt það og þau í framhaldi af því farið í annað herbergi.

Brotþoli hefur fyrir dómi borið að hún hafi átt erfitt með svefn á því tímabili þegar atvik máls þessa gerðust og af þeim sökum hefði hún drukkið bjóra áður en hún lagðist til hvílu í hjónarúmið hjá ákærða. Var það ætlan brotþola að þegar atvik gerðust hefði dóttir hennar verið sofandi á milli hennar og ákærða og hún af þeim sökum talið sig örugga þegar hún lagðist fyrir í rúmið, á vinstri hliðina. Hún hefði vaknað við það að ákærði hefði verið með putta inni í leggöngum hennar, en að á þeirri stundu hefði ákærði verið fyrir aftan hana í rúminu. Hún hefði spurst fyrir um þessar gjörðir hans, sem hefðu verið án hennar samþykkis, en hann þá innt hana eftir því hvort hún hefði verið sofandi þar sem hann hefði ætlað að svo hefði ekki verið og haft á orði að hún hefði verið að biðja um snertingu hans með því að stynja. Brotþoli hefur borið að í framhaldi af þessum samskiptum hafi hún samþykkt að eiga kynlíf með ákærða, en þá í öðru herbergi húseignar þeirra, en á því hefur hún gefið skýringar, eins og áður hefur verið rakið.

3. Að áliti dómsins hefur framburður brotþola verið stöðugur og trúverðugur, en hún hefur verið sjálfri sér samkvæm um meginatriði málsins. Framburður ákærða hefur aftur á móti verið misvísandi að nokkru, og þá um að brotþoli hafi verið með svefnhljóð skömmu áður en hann viðhafði hina kynferðislegu snertingu, en hann hefur neitað því atriði fyrir dómi. Samkvæmt gögnum gaf ákærði aðeins eina skýrslu hjá lögreglu og naut ekki aðstoðar tilnefnds verjanda.

Að mati dómsins hefur frásögn ákærða fyrir dómi verið eindregin um aðstæður og þá um að hann hafi ætlað að brotþoli hafi verið vakandi þegar atvik máls gerðust og að hún hafi verið samþykk gjörðum hans. Í því sambandi er til þess að líta að samkvæmt framburði ákærða var nokkur aðdragandi að lýstum gjörðum hans. Þá er óumdeilt að ákærði lét þegar í stað af hinum kynferðislegu tilburðum þegar honum varð ljóst að brotþoli hafði sofnað.

Að virtum þeim grunnatriðum sem reifuð voru hér að framan í XI. kafla, liðum 4–6, en einnig að virtum þeim sérfræðigögnum sem vikið var að í 3. lið, er það niðurstaða dómsins, að öllu framangreindu virtu, að eins og sönnunarstöðunni í málinu er háttáð, og þrátt fyrir fyrrgreint misræmi í frásögn ákærða, sé eigi fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi af ásetningi brotið með refsiverðum hætti gegn brotþola með þeirri

háttsemi sem greinir í þessum kafla ákærunnar. Ber því að sýkna ákærða af sakartriði 2. kafla ákærunnar.

### XIII.

1. Með vísan til ofangreindrar dómsniðurstöðu ber samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 að vísa einkaréttarkröfu brotþola frá dómi.

Með vísan til 2. mgr. 235. gr. nefndra laga og þá í ljósi niðurstöðu málsins greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hlyns Jónssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns. Þykir þóknun þeirra í ljósi umfangs málsins hæfilega ákveðin eins og segir í dómsorði, að meðtöldum virðisaukaskatti.

2. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Mál þetta var upphaflega flutt þann 16. mars sl., en þar sem dómara auðnaðist eigi að kveða upp dóm í tíma var það endurflutt, sbr. ákvæði 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

### D Ó M S O R Ð

Ákærði, A, er sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Einkaréttarkröfu brotþola, B, er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hlyns Jónssonar lögmanns, 2.310.102 krónur, en einnig þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns, 800.730 krónur, auk útlagðs kostnaðar hennar að fjárhæð 15.748 krónur.